

Blaðamaðurinn



Mars 2004 • 2. tbl. • 26. árgangur

FÉLAGSTÍÐINDI BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS



Blaðamanna Verðlaun

- **Reglugerð** fyrir Blaðamanna-verðlaun
- **Verðlaunamyndir** Bláaljósmyndara



Norræni
blaðamannaskólinn

- **Félagatal** Blaðamanna-félagsins
- **Fjölmiðlarí** Ástralíu
- **Siðanefndar-**úrskurðir



EFNÍ BLAÐSINS



Blaðamannaverðlaun

- 4 **Blaðamannaverðlaun**
Blaðamannafélagið mun veita árleg verðlaun
- 5 **Róbert Marshall:**
Nú er tíminn
- 6 **Blaðamannaverðlaun ársins:**
Reglur verðlaunanna
- 8 **Birgir Guðmundsson:**
Blaðamannaverðlaun
alþjóðleg leið til að
hvertja menn til dáða
- 10 **Verðlaunamyndir**
Blaðaljósmyndarafélag Íslands

Umræðan

- 16 **Myndir ársins hjá WPP**
- 18 **Guðrún Helga Sigurðardóttir:**
Örþing og náttúruspjöll
kanski minnisstæðust

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Birgir Guðmundsson (biggi@nett.is).

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Forsíðumynd: Fréttaljósmynd ársins/Pjetur Sigurðsson

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155,
bréfsími 553-9177 og
neffang bi@press.is
Heimasíða BÍ er www.press.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10.00–14.00.
Starfsmenn BÍ í hlutastarfi eru Hjálmar Jónsson,
framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókarí.



- 20 **Baldur Arnarson:**
Ágrip af sögu ríkisrekinnna
fjölmiðla í Ástralíu

Blaðamannafélagið

- 25 **Félagaskrá BÍ**
- 29 **Úrskurðir Siðanefndar**

Blaðamannakompás

Blaðamannafélag hefur ákveðið að efna til sérstakra árlegra blaðamannaverðlauna, þar sem fjölmiðlamenn velja úr eigin hópi einhvern eða einhverja sem þeim þykir hafa skarað fram úr árið áður. Slík verðlaun eru algeng erlendis og almennt hefur reynslan af þeim verið góð. Sama er að segja um reynslu íslenskra blaðaljósmyndara, sem hafa um nokkurt árabil haldið ljósmyndasamkeppni. Verðlaunaveitingar af þessu tagi hafa allar það að meginmarkmiði að efla menn til dáða, hvetja til vandaðra vinnubragða, metnaðar og kröfuhörku í eigin garð. Enda er þetta líka undirtóninn í hinum íslensku Blaðamannaverðlaunum. Öðru fremur er það þó hugsunin um hlutverk blaðamannsins sem þjóns lesenda og almennings, sem hlýtur að mynda grunntóninn þegar hljómkviður fjölmiðlasinfóníunnar eru metnar og mældar. Slíkt er ekki síst mikilvægt á tímum stórstígra tækni og þjóðfélagsbreytinga sem ein-kennast m.a. af hnattvæðingu þjóðlífs, háhraðataækni og harðnandi markaðs- og viðskiptasjónarmiðum, jafnt í íslenskum fjölmiðlaheimi sem á öðrum sviðum mannlífsins.

Íslenskur fjölmiðlamarkaður hefur gengið í gegnum mikla umbyltingu á síðustu misserum og ýmsum boltum hefur verið kastað á loft. Oft er hart deilt um efnistösk og umfjöllun fjölmiðlamanna og stóryrtar ásakanir sem tengjast fjölmiðlum eru að verða daglegt brauð. Stjórnvöld skipa nefndir til að fjalla um eignarhald á fjölmiðlum og það er í alvöru rætt um það á hinu háa Alþingi hvort lýðræði sé í hættu vegna umbreytinga á fjölmiðlum. Allt setur þetta miklar og vaxandi kröfur á blaða- og fréttamenn, sem vissulega skorast ekki undan ábyrgðinni. Hins vegar eru blaðamenn eins og aðrir mannglegir og þurfa á stundum á utanaðkomandi styrk að halda. Þann styrk og þá leiðsögn geta þeir sótt hver til annars í formi uppbyggilegrar faglegrar umræðu. Blaðamannaverðlaun geta gert mikið gagn í því samhengi. Með því að draga fram það sem vel er gert og setja þannig kúrsinn á aukinn faglegan metnað geta þessi verðlaun virkað eins og kompás sem gefur mönnum stefnu að sigla eftir í starfi. Það er freistandi — ekki síst fyrir kaldhæðna þjóðfélagsrýnendur sem finnast jú margir í blaðamannastétt — að afskrifa verðlaun af þessu tagi sem hégómlega tilraun blaðamanna til að vekja á sér athygli og feta í fótspor fína og fræga fólksins. Því er til að svara að athygli er af hinu góða, ekki síst ef hún er til þess fallin að draga athyglina að góðri blaðamennsku. Nái verðlaunin að verða sá áttaviti, sem þau eiga að vera, er gott að sem flestir veiti þeim athygli og taki sitt mið af þeim.

Birgir Guðmundsson

Stjórn BÍ:

Róbert Marshall, Stöð 2, formaður
Arna Schram, blaðamaður Mbl., varaformaður
Jóhann Hliðar Harðarson, fréttam. Stöð 2/Bylgjan, ritari
Geir A. Guðsteinsson, blaðamaður DV, gjaldkeri
Björgvin Guðmundsson, blaðam. á Morgunblaðinu
Hilmar Þór Guðmundsson, ljósmyndari DV
Haflíði Helgason, blaðamaður Fréttablaðinu

Varamenn:

Eiríkur St. Eiríksson, blaðamaður Skip.is
Helga Dögg Björgvinsdóttir blaðamaður Fróða
Arndís Þorgeirsdóttir, blaðamaður DV

Samningaráð:

Róbert Marshall, Stöð 2.
Arna Schram, Mbl.
Hjálmar Jónsson, Mbl.
Arndís Þorgeirsdóttir, DV.
Jóhann Hliðar Harðarson, Stöð 2.
Kristján Hjálmarsson, Fréttablaðinu.
Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Varamenn:

Egill Ólafsson, Mbl.
Fríða Björnsdóttir, Fróða.
Þorvaldur Ö. Kristmundsson, DV.

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, form., Fróða
Hilmar Karlsson, varaform., DV
Lúðvík Geirsson, ritari, BÍ

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson, Mbl.
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Stjórn og fulltrúaráð Fjólís:

Hjálmar Jónsson
Arndís Þorgeirsdóttir

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Anna G. Ólafsdóttir, Guðni Einarsson
og Hjálmar Jónsson

Dagblaðið/Vísir:

Arndís Þorgeirsdóttir

Stöð 2/Bylgjan:

Hrafnhildur Harðardóttir og Jóhann Hliðar Harðarson

Fréttablaðið:

Kristján Hjálmarsson

Fróði:

Fríða Björnsdóttir

Heimur:

Anna Margrét Björnsson

Viðskiptablaðið:

Sigurður Már Jónsson

Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson lög., form.
Hjörtur Gislason blaðam., varaform.
Sigurveig Jónsdóttir fyrrum fréttastjóri
Örn Valdimarsson fulltrúi útgefenda
Hreinn Pálsson fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ

Varamenn eru:

Valgerður Jóhannsdóttir, fréttamaður
Jóhannes Tómasson blaðamaður
Pétur Gunnarsson, blaðamaður



Blaðamannafélagið mun veita árleg verðlaun

Stjórn Blaðamannafélags Íslands hefur ákveðið að veita árlega sérstök blaðamannaverðlaun.

Þessi hugmynd hefur um langt árabil verið uppi hjá félaginu en fyrst nú verður henni hrint í framkvæmd. Mál-ið hefur verið í undirbúningi frá síðasta aðalfundi og setti stjórnin sérstaka undirbúningsnefnd á laggirnar undir forsæti Þórs Jónssonar. Stjórn félagsins hefur síðan meðhöndlað tillögur undirbúningshópsins og fyrir liggur endanleg reglugerð fyrir verðlaunin. Sú reglugerð er birt hér örlítið aftur í blaðinu. Fyrsta verðlaunaaf-hendingin mun fara fram á sérstöku Pressuballi á Hótel Borg síðasta vetrardag, miðvikudaginn 21. apríl.

Verðlaunin munu verða veitt í þremur flokkum, „Besta umfjöllun ársins“, „Rannsóknarblaðamennska ársins“ og „Blaðamannaverðlaun ársins“. Sérstök dómnefnd sem stjórn Blaðamannafélagsins valdi hefur verið skipuð og mun hún sjá um að velja úr tilnefningum hver eða hverjir hljóta verðlaun. Í þessari fyrstu dómnefnd sitja þau Elín Pálmadóttir, Elín Albertsdóttir, Sigmar Guðmundsson, Lúðvík Geirsson og Birgir Guðmundsson, sem jafnframt er formaður dómnefndarinnar. Reglur verðlaunanna gera ráð fyrir að næstu dómnefndir verði í framtíðinni kosnar á venjulegum aðalfundi félagsins.

Á sérstökum blaðamannafundi á Hótel Borg þar sem verðlaunin voru kynnt, kom fram hjá Róbert Marshall formanni B.Í. að hugmyndin með þessu framtaki er að skerpa á faglegum metnaði og stuðla að vönduðum vinnubrögðum í íslenskum fjölmiðlum. Róbert benti sérstaklega á að þrátt fyrir að það sé Blaðamannafélagið sem standi fyrir verðlaununum séu verðlaunin á engan hátt bundin við félagsmenn þess. Þannig geta allir sem eru að búa til fjölmiðlaefni verið gjaldgengir óháð fjölmiðli og stéttarfélagi. Þá getur hver sem er tilnefnt fjölmiðlaumfjöll-



Frá blaðamannafundi þar sem verðlaunin voru kynnt blaðamönnum. F.v. Arna Schram, varaformaður Blaðamannafélagsins, Birgir Guðmundsson formaður dómnefndar og Róbert Marshall formaður Blaðamannafélagsins, .

un og fjölmiðlamann/menn til verðlauna, svo fremi sem tilnefningarnar berist á tilsettum tíma til rétttra aðila. Tilnefningum er hægt að skila inn á vef Blaðamannafélagsins, dress.is eða á skrifstofu félagsins fyrir 6. apríl.

Á fyrrnefndum blaðamannafundi kom það fram hjá Birgi Guðmundssyni dómnefndarformanni að dómnefndin væri að móta vinnureglur sínar en hann taldi óhjákvæmilegt annað en að í þetta fyrsta sinn myndu menn þurfa að biðja og sjá hvernig tilnefningar kæmu fram áður en slíkar reglur yrðu endanlega fullmótaðar. Almenn sagði hann að í flokknum „besta umfjöllun ársins“ yrði horft til hluta eins og eftirfylgni og þess hvort verið væri að gera flókið mál aðgengilegt almenningi þannig að um upplýsandi umfjöllun væri að ræða. Varðandi flokkinn „rannsóknarblaðamennska ársins“ sagði Birgir ljóst að menn myndu sérstaklega skoða hvort

blaðamaðurinn hefði þurft að velta við steinum og skoða þá kima sem ekki eru augljósir í daglegu amstri. Einnig skipti máli í þessu sambandi skipuleg vinnubrögð og úrvinnsla. Varðandi þriðja flokkinn sagði Birgir ljóst að þessi flokkur væri nokkuð opinn og víður og að þetta væri sá eini flokkanna sem væri skilgreindur með beinum hætti í reglugerðinni en þar segir að verðlauna skuli eftirtektarverða framgöngu á sviði íslenskrar fjölmiðlunar. Loks tók formaður dómnefndar það fram að í reglugerðinni um verðlaun væri þeim möguleika haldið opnum að veita ekki verðlaun ef dómnefnd teldi ekki ástæðu til að verðlauna neina af tilnefningunum.

Verðlaunin eru sérstakur gripur, bronspenni á fæti, ásamt verðlaunaskjali. Í öllum flokkum mun Blaðamannafélagið jafnframt veita peninga-verðlaun að upphæð 100.000 krónur.

Nú er tíminn

Blaðamannaverðlaun Blaðamannafélagsins verða veitt í fyrsta sinn í ár. Þó ég sé nokkuð viss um að íslenskir blaðamenn verði seint sammála um hverjir eigi að hljóta verðlaunin, þá er ég jafn viss um að við erum sammála um að veita svona verðlaun. Það velkist engin í vafa um hversu mikil vítamínsprauta það getur reynst innan stéttarinnar að koma saman einu sinni á ári og heiðra það sem vel er gert.

Við erum öll sammála um að vilja gera betur; það sýnir heit umræða um grundvallaratriði í blaðamennsku sem hefur verið sérlega há-



vær og áberandi að undanförunu.

Ég vil hvetja ritstjórnir til að ræða saman um fréttir og frásagnir sem þeim þykja eiga erindi til dómnefndarinnar. Um það hefur verið fjallað hversu mikið ritstjórnir í Bandaríkjunum leggja í tilnefningar sínar til Pulitzer verðlaunanna og er þar kannski full langt gengið. Hitt er víst að Blaðamannaverðlaunin verða ótvíræður vitnisburður um framúrskarandi blaðamennsku og hverri ritstjórn og blaðamanni til sóma að taka við þeim. Það er til mikils að vinna.

*Róbert Marshall
formaður
Blaðamannafélags Íslands.*

Endurmenntunarsjóður blaðamanna

Námsstyrkir sumar/haust 2004

Stjórn Endurmenntunarsjóðs blaðamanna auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, vegna lengra eða skemmra náms fastráðinna félaga í BÍ á tímabilinu

júní - desember 2004

Umsóknum skal skilað fyrir 15. apríl

n.k. til skrifstofu BÍ. Hægt er að sækja um á heimasíðunni W.W.W. press.is eða fá eyðublöð á skrifstofu BÍ.

Námskeið sem koma til greina við úthlutun styrkja eru m.a:

- Nám við Háskóla Íslands
- Annað lengra nám hérlendis
- Endurmenntun í erlendum skólum s.s. hjá NJC í Árósum
- Önnur sérstök námskeið erlendis

Styrkir vegna styttri námskeiða hér heima eru greiddir á skrifstofu BÍ að námi loknu gegn framvísun reiknings fyrir þátttökugjöldum.

Munið umsóknarfrestinn til 15. apríl



Reglur verðlaunanna

- **Rannsóknarblaðamennska ársins 2003**
- **Besta umfjöllun ársins 2003**
- **Blaðamannaverðlaun ársins 2003**

Dórnafnd, sem í sitja skilríkir menn með mikla reynslu af fjölmiðlum, fer yfir tilnefningar og kemst að endanlegri niðurstöðu um **Blaðamannaverðlaun ársins**.

Þessar viðurkenningar **Blaðamannafélags Íslands** eru veittar til að stuðla að vönduðum vinnubrögðum í íslenskum fjölmiðlum hvers konar.



§ 1

Til viðurkenningar fyrir framúrskarandi frammistöðu og gott fordæmi í íslenskrri fjölmiðlun veitir Blaðamannafélag Íslands Blaðamannaverðlaun ársins á hverju ári. Verðlaunin greinast í þrennt og eru hverju sinni kennd við viðkomandi ár:

- Rannsóknarblaðamennska ársins
- Besta umfjöllun ársins
- Blaðamannaverðlaun ársins

Veitt eru heiðurs skjöl fyrir hvern flokk, minjagripur og vegleg peningaverðlaun sem stjórn Blaðamannafélags Íslands ákveður. Viðurkenningarnar eru veittar á hverju ári í öllum flokkum, svo fremi dórnafnd telji að tilnefningarnar séu þess virði.

§ 2

Dórnafnd úthlutar ekki síðar en 1. maí ár hvert viðurkenningu Blaðamannafélags Íslands fyrir bestu umfjöllunina og bestu rannsóknarblaðamennskuna á árinu á undan.

Blaðamannaverðlaun ársins eru veitt fyrir eftirtektarverða framgöngu á sviði íslenskrar fjölmiðlunar.

Dórnafnd má úthluta viðurkenningu til einstaklings eða skilgreinds starfshóps (ríttjórnar eða samstarfshóps), eftir því sem henni þykir við eiga.

Verðlaunahæf blaðamennska fjallar um aðkallandi málefni, er góð að efni og formi, sanngjörn og traust.

Dórnafndarfulltrúar geta ekki sjálfir þegið viðurkenningar Blaðamannafélags Íslands. Dórnafndinni ber að hafa sérstaka aðgát við mat á fjölmiðlaefni sem sætir kærú sem ekki hefur verið til lykta leidd.

§ 3

Stjórn Blaðamannafélags Íslands skipar fimm fulltrúa í dórnafnd, þar á meðal formann hennar, til að veita viðurkenningar Blaðamannafélags Íslands fyrir árið 2003 en upp frá því er dórnafndin kosin á venjulegum aðalfundi félagsins einu sinni á ári. Formaður hennar skal sérstaklega kosinn.

§ 4

Hver sem er má tilnefna fjölmiðlaumfjöllun og fjölmiðlamann/menn til Blaðamannaverðlauna ársins. Tillögur (dórnafndarmanna eða annarra) skulu hafa borist dórnafndinni ekki síðar en mánuði áður en viðurkenningarnar eru veittar. Blaðamannafélag Íslands skal með tryggilegum hætti auglýsa þann frest með hæfilegum fyrirvara. Tilnefningarnar skulu sendar skrifstofu Blaðamannafélags Íslands skriflega, sem jafnframt, þegar þörf krefur, aflar upplýsinga og gagna um hið tilnefnda, þar á meðal hver eða hverjir séu höfundar þess. Dórnafnd eru kynntar tillögurnar en ekki hverjir tilnefndu. Dórnafnd ákveður hvernig tilnefningarnar eru flokkaðar. Hún kys þrjár bestu tilnefningarnar í hverjum flokki sem endanlega verður valið á milli. Þessar tilnefningar verða gerðar opinberar. Niðurstaða dórnafndar er trúnaðarmál þangað til verðlaunin eru veitt. Dórnafndin skal rökstyðja val sitt skriflega en þarf ekki að rökstyðja hvers vegna tilnefningum var hafnað.

Dórnafndin skal hafa ríkt í huga þá hvatningu sem verðlaunin eiga að veita og taka eftir fögum tillit til starfsaðstæðna hinna tilnefndu.

§ 5

Tilnefningar, sem ekki verða gerðar opinberar skv. grein 4, sem og umræður á fundum dórnafndarinnar, eru trúnaðarmál. Í fundargerðum skulu eingöngu ákvarðanir skráðar.

§ 6

Við endanlegt val á verðlaunahöfum hafa atkvæðisrétt eingöngu þeir dórnafndarfulltrúar sem mættir eru. Í fyrstu umferð atkvæðagreiðslu skal einn hinna þriggja tilnefndu í hverjum flokki felldur út og í annarri umferð skal kosið milli hinna tveggja sem eftir eru. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður en verði jafntefli ræður atkvæði formanns.

§ 7

Val dórnafndar er endanlegt og verður ekki áfrýjað.

Blaðamanna verðlaun

2003

verða afhent um kvöldið



Pípuhattar, síðir kjólar og kampavín!

Pressuball 2004

verður haldið miðvikudagskvöldið

21. apríl

(síðasta vetrardag)

á **Hótel Borg**



Húsið opnað
klukkan 19:00
með fordrykk
í boði Blaðamannafélagsins

Hljómsveitin



Geirfuglarnir

halda uppi stuðinu fram á rauða nótt

Verð 3.700,- fyrir mat og ball

ASPENT

Skráning og miðakaup er hjá trúnaðarmanni á hverjum vinnustað.
Einnig er hægt að kaupa miða á skrifstofu Blaðamannafélags Íslands.

Takmarkaður sætafjöldi

Blaðamannaverðlaun

alþjóðleg leið til að hvetja menn til dáða



Eftir
Birgi Guðmundsson

Blaðamannaverðlaun af einhverju tagi hafa fylgt blaðamönnum og störfum þeirra nánast frá því að menn fóru að líta á blaðamennsku sem sérstakt fag eða sérgrein. Slíkt er enda ekki óeðlilegt þar sem verðlaunum af þessu tagi er ætlað að hvetja menn til faglegra dáða og efla metnað til að gera betur í dag en í gær. Að öðrum verðlaunum ólöstuðum, er óhætt að segja að Pulitzer-verðlaunin bandarísku hafi haft hvað mest áhrif á framgang, tilhögun og fjölgun verðlauna fyrir blaðamennsku í gegnum áratugina, enda eru Pulitzer-verðlaunin með þeim elstu og virðulegustu í heiminum. Hinn ungverskættaði blaðaútgefandi Joseph Pulitzer var undir lok nitjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu holdgervingur amerískrar blaðamennsku. Hann var í raun einn helsti frumkvöðull þess að stilla blaðamennsku upp sem sérstöku fagi og til hans má rekja að blaðamennska varð að sérstakri fræðigrein og námsbraut á háskólastigi.

Pulitzer-verðlaunin voru sett á stofn í erfðaskrá Josephs Pulitzer sem skrifuð var árið 1904, en hann lést árið 1911. Upphaflega var um að ræða fern verðlaun fyrir blaðamennsku auk verðlauna fyrir skáldsögu og leiklist, og í menntamálum. Pulitzer gerði hins vegar ráð fyrir að stjórn verðlaunanna, sem fengin var Columbia-háskóla, gæti tekið ákvarðanir um að breyta flokkum eftir því sem aðstæður og tím-

arnir breyttust og þróuðust. Í dag hefur flokkum verið fjölgað talsvert og er leitast við að láta verðlaunin endurspegla þann veruleika sem við búum við. Þannig eru nú til dæmis veitt verðlaun í 14 flokkum fyrir framúrskarandi blaðamennsku á prentmiðlum og eru vegleg peningaverðlaun í boði í hverjum flokki, eða um 10.000 dollarar í hverjum þeirra.

Áhersla á almannahéill

Pulitzer-verðlaunin í blaðamennsku eru um margt dæmigerð fyrir þau sjónarmið og þá stefnumörkun sem sett er fram varðandi verðlaunaveitingar á þessu sviði. Það er því fróðlegt að skoða hvaða áherslur eru lagðar í þessum frægustu blaðamannaverðlaunum heimsins.

Einna mest áhersla er lögð á verðlaun fyrir framúrskarandi framlag eða umfjöllun þar sem tæki og aðferðir góðrar blaðamennsku gagnast og bæta með áberandi hætti almannahéill (public interest). Ólíkt því sem gerist með aðrar flokka verðlaunanna þar sem peningaverðlaun eru aðalatriðið, þá er í þessum flokki veitt sérstök gullmedalía, sem undirstrikar e.t.v. meira en margt annað þá áherslu sem stofnandi verðlaunanna og þeir sem á eftir komu lögðu á hlutverk blaðamanna sem varðmanna almannahagsmuna. Verðlaununum er sérstaklega ætlað að hvetja til meðvitundar um einmitt það atriði.

Hins vegar eru verðlaun veitt í öðrum flokkum líka, þar sem meiri áhersla er á aðra og afmarkaðari þætti blaðamenskunnar, þó allt sé þetta vissulega samtengt. Þannig eru t.d. verðlaun fyrir fréttir líðandi stundar, fyrir rannsóknarblaðamennsku og fyrir

skýrandi blaðamennsku, þ.e. blaðamennsku sem útskýrir flókin mál á aðgengilegan hátt fyrir almenning. Þarna má einnig finna verðlaunaflokka fyrir framúrskarandi umfjöllun um mál efni sem varða Bandaríkin í heild, mál sem varða alþjóðasamfélagið og fyrir fréttaskýringar. Einnig eru samsvarandi verðlaunaflokkar fyrir ýmislegt sem tengist ljósmyndum. Pulitzer-verðlaun eru líka veitt fyrir pistla, leiðara og gagnrýnin greinaskrif, sem þykja hafa skarað fram úr. Slík verðlaun geta eðli málsins samkvæmt verið umdeild, en undirstrika engu að síður það sjónarmið að gagnrýnin hugsun og varðstaða um almannahag sé einmitt það sem verðlaunin eiga að ýta undir.



Cavling-verðlaunin eru verðlaun danska blaðamannafélagsins og um leið eftirsóknarverðustu verðlaunin þar í landi. Hér má sjá styttuna af Henrik Cavling, sem verðlaunin eru kennd við, en hana gerði listamaðurinn Jörgen Rodes.

Hundrað verðlauna

Í hinum vestræna heimi skipta blaðamannaverðlaun af einhverju tagi hundraðum og þau eru misjafnlega eftirsótt og þau eru af ólíkum toga. Þannig má t.d. á sérstökum lista finna greinargerð um talsvert á annað hundrað verðlaun og viðurkenningarstyrki á heimasíðu Alþjóðlegu blaðamannamiðstöðvarinnar (ICFJ) og er sá listi

langt mjög frá því að vera tæmandi. Hins vegar er hægt að grófflokka þessar viðurkenningar í tvo höfuðflokka. Annars vegar eru um að ræða hvatningarverðlaun í almennri blaðamennsku þar sem blaðamennskan sem slík, blaðamennskan í sjálfrí sér, er í brennidepli. Hins vegar eru hvatningaverðlaun sem snúast vissulega um vandaða blaðamennsku, en tengjast skrifum og umfjöllun um málefni á

ákveðnum sérsviðum. Munurinn á þessum flokki og þeim almenna felst þá í því að tilgangurinn, hvatningin, beinist fyrst að því að efla umfjöllun á ákveðnum sviðum sem stofnendur verðlaunanna telja að þurfi að fjalla meira og betur um.

Til eflingar blaðamennsku almennt

Pulitzer-verðlaunin falla í þann flokk — ásamt fjölmörgum öðrum verðlaunum — sem beina kastljósinu að blaðamenskunni almennt. Þó samfélagslegt hlutverk blaðamenskunnar sé þar ofarlega á blaði má segja að verið sé að hvetja sérstaklega til metnaðar á öllum sviðum blaðamennsku sem fags og starfsgreinar. Viðast hvar í Evrópulöndum og í Ameríku eru verðlaun af einhverju tagi sem leggja áherslu á einmitt þetta atriði. Oft eru það samtök blaðamanna og útgefenda sem standa að slíkum verðlaunum og oft eru þetta líka háskólar eða menntastofnanir af einhverjum toga sem standa að eða hafa umsjón með slíkum verðlaunum, sbr. það að Columbia-háskóli hefur umsjón með Pulitzer-verðlaununum. Þannig hafa t.d. frændur okkar Danir mikinn fjölda styrkja og verðlauna af ýmsu tagi sem flest eru frekar smá og gjarnan kennd við einhverja tiltekna menn eða fyrirtæki. Á heimasíðu danska Blaðamannafélagsins er t.d. samantekt og greinargerð um verðlaunaveitingar og í ljós kemur að rúmlega tuttugu verðlaun eða viðurkenningar af einhverju tagi eru veitt blaðamönnum þar í landi. Hins vegar eru þessi verðlaun augljóslega misjafnlega mikilvæg og tvenn þeirra, Anders Bording Prisen, sem eru heiðursverðlaun prentiðnaðarins og þó sérstaklega Calving Prisen, sem eru verðlaun danska Blaðamannafélagsins þau verðlaun sem langmestu máli skipta. Calving-verðlaunin — hin eiginlegu blaðamannaverðlaun í Danmörku — eru verðlaun fyrir almenna blaðamennsku og það eru slík verðlaun sem alla jafna vekja mesta athygli í samfélaginu og í hópi blaðamanna sjálfra. Það kemur því ekki á óvart að einmitt slík verðlaun hafi jafnframt mestan slagkraft gagnvart blaðamannastéttinni sjálfri og séu öflugasti

hvatinn til að auka gæði þess sem skrifað er. En um leið er valið vandasamt og ákvarðanir manna eru að sjálfsögðu undir smásjá, eins og danskir fjölmiðlamenn hafa rætt mikið upp á síðkastið. Calving-verðlaunin eru veitt í janúar og að þessu sinni fengu þau þrjú blaðamenn af tveimur miðlum fyrir gagnrýna umfjöllun um þátt Dana í Íraksstríðinu. Það hefur aftur kallað á gagnrýni frá mörgum blaðamönnum sem telja sérkennilegt að veita blaðamannaverðlaun á þessum grundvelli. Í raun sé verið að veita verðlaunin á grundvelli pólitískrar afstöðu frekar en faglegra vinnubragða. Þannig hljóta úrskurðir og verðlaunaveitingar ávallt að orka tvímælis, þó allir séu slíkir úrskurðir til þess fallnir að vekja umræðu og umhugsun um gæði.

Viðast á Vesturlöndum virðist flóran ekki ósvipuð því sem er í Danmörku, þ.e. að mikill fjöldi viðurkenninga og verðlauna er í boði en einungis tvenn eða þrenn standa verulega upp úr sem stóru verðlaunin — og það eru oftar en ekki verðlaun sem miðast við þennan fyrsta flokk, þ.e. blaðamennsku almennt.

Til eflingar ákveðnum málefni

Í seinni flokknum, þ.e.a.s. verðlaun sem eiga að hvetja til vandaðra skrifa um tiltekna málaflokka, eru líka fjölmörg verðlaun. Þeir málaflokkar sem hér koma við sögu geta verið margvíslegir en snúast oftast um mikilvæg grundvallaratriði sem nokkuð almenn samstaða er um. Þetta geta verið málafni eins og lýðræði, mannréttindi, afnám kynþáttamisréttis eða kynjamisréttis svo eitthvað sé nefnt. Með því að spyrða saman vandaða blaðamennsku og einstök baráttumál af þessu tagi er kastljósinu frekar beint að málefninu en blaðamenskunni sem slíkri þó bæði þessi atriði séu í aðalhlutverkum.

Verðlaun Alþjóðasambandsins

Athyglisvert er að mörg þeirra verðlauna sem falla í þennan flokk eru alþjóðleg verðlaun. Þannig eru öll fern verðlaunin sem Alþjóðasamband blaðamanna (IFJ) hefur umsjón með, einmitt verðlaun af þessu tagi. Öll eru

þessi verðlaun afskaplega virt og eftirsóknarverð en þau eru þessi:

Í fyrsta lagi verðlaun fyrir umfjöllun um eiturlyf, og/eða heilsufarsvandamál s.s. HIV-smit og útbreiðslu þess.

Í öðru lagi veitir Alþjóðasambandið sérstök umburðarlyndisverðlaun, sem taka mið af skrifum um kynþáttafordóma og jafnrétti hvar sem er í heiminum.

Í þriðja lagi eru það Evrópuverðlaun blaðamanna, sem beina sjónum sínum að þætti Evrópu í þróun umheimsins. Þessi verðlaun eru alfarið sett á fót og þeim stjórnað af blaðamönnum sjálfum.

Í fjórða lagi sér Alþjóðasambandið um hin svokölluðu Natali-blaðamannaverðlaun, sem beina sjónum sínum sérstaklega að mannréttindum umfjöllunum. Þetta eru með virtari verðlaunum í blaðamennsku og skiptast í flokka eftir heimshlutum.

Viðurkenningarstyrkir

Til viðbótar við þessi eiginlegu blaðamannaverðlaun þá stendur blaðamönnum til boða mikill aragrúi af styrkjum og starfslaunum sem hugsaðir eru sem eins konar viðurkenning og hvatning til faglegrar vinnu í greininni. Slíkir styrkir eru mjög gjarnan tengdir háskólum eða rannsóknarstofnunum af einhverju tagi og þá kenndir við einhverja fræðimenn eða einstaklinga sem lagt hafa til stofnfé og höfuðstól til starfseminnar.

Góð áhrif

Flóra verðlauna og styrkja er því mikil, en öllum er það sameiginlegt að vera tilraun til að hvetja og efla frumleika, festu og fagleg vinnubrögð í blaðamennsku. Erfitt er að mrta hversu mikil áhrif þessir styrkir og þessi verðlaun hafa haft, en greinilegt er á öllum þeim fjölda verðlauna sem til eru að menn telja áhrifin talsverð. Hér á Íslandi hafa blaðamenn og ljósmyndarar margoft lýst því yfir að keppnin um fréttamyndir ársins hafi verið mikil vítaminsprauta inn í íslenska blaðaljósmýndum. Til koma blaðamannaverðlauna er líkleg til að hafa svipuð áhrif á blaðamennskuna hér á landi.

—————
Höfundur er blaðamaður og

Umsagnir dómnefndar vegna Ljósmyndasýningar

Blaðljósmyndarafélags Íslands 2004



Nýlokið er sýningu Blaðljósmyndarafélagsins sem sett var upp í Gerðarsafni, Listasafni Kópavogs. Við opnun sýningarinnar var tilkynnt um úrslit í samkeppni Blaðljósmyndarafélagsins um Mynd ársins 2003. Sigurrós Þorgrímsdóttir formaður listaráðs bauð gesti velkomna fyrir hönd Gerðarsafns, Maia Karen forstöðumaður Ljósmyndasafns Reykjavíkur flutti ávarp um sýningu á ljósmyndum Magnúsar Ólafssonar, en sú sýning er gestasýning félagsins að þessu sinni, því sú hefð hefur skapast að bjóða til einhverjum að hafa einkasýningu á neðri hæð

Gerðarsafns samhliða Mynd ársins. Herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands opnaði sýningarnar og að því loknu kynnti Bjarni Eiríksson formaður dómnefndar úrslitin. Þrjátíu ljósmyndarar sendu inn um 915 ljósmyndir í forval þar sem dómnefnd valdi um 180 myndir sem eru á þessari sýningu ásamt verðlauna-myndunum. Sú nýbreytni var við val á þessum myndum að forvalið fór fram á stafrænu formi þar sem myndirnar voru skoðaðar á risaskjá.

Jón Svavarsson sýningastjóri

Daglegt líf



*Arni Sæberg/
Morgunblaðið.*

Fallegur hundur

Alexöndru Döru, 9 ára, og Svanhildi Alexöndru, 8 ára, sem búa á Akranesi, langaði óskaplega mikið að fá að klappa hundinum Sesari er hann beið í bílnum í öllum hitanum og sólinni uppi á Skaga í gær. Sesar er gæfur hundur og tók allri athygli með stökustu ró.



Umsögn dómnefndar

Hlýleg mynd af hversdaglegu atviki sem sýnir vel dálæti barna á dýrum.

Veðlaun veitir Opin kerfi hf

Þjóðlegasta myndin



Árni Torfason/
Morgunblaðið

Þjóðin skemmti sér saman á þjóðhá-
tíðardaginn, 17. júní, enda sjaldan
eins fjölbreytt dagskrá í boði á einum
degi. Margar fjölskyldur litu niður í
miðbæ Reykjavíkur um daginn enda
margt við að vera. Björn, Breki, Úlla
og Bjarni voru forsjál og gátu skýlt sér
fyrir rigningunni.

Umsögn dómnefndar

Hvað er þjóðlegra en rigning og regn-
hlífar á 17. júní?

Veðlaun veitir Hans Petersen

Blautur þjóðháttíðardagur



Þorvaldur Örn
Kristmundsson/DV

Víkingur í Hafnafirði bíður
eftir strætó. Búinn að
leggja skipi sínu og
stendur við strætóstaur-
inn grár fyrir járnum og
við öllu búinn.

Umsögn dómnefndar

Skopleg uppsetning þar
sem blandast saman farar-
tæki tveggja ólíkra tíma á
gamansaman hátt.

Veðlaun veitir JT veit-
ingar Hótel Loftleiðum

Skop



Víkingur bíður eftir strætó





Gísli Egill
Hrafnsson/Fróði.

Friðhelgi heimilisins

Umsögn dómnefndar

Óvenjuleg uppstilling en um leið tvíræð framsetning á myndefni og gefur þess vegna myndinni meiri dýpt. Valið er áhorfandans.

Veðlaun veitir Heitt og Kalt veitingastaður Grensásvegi 8



Tímaritamynd



Blaðaljósmyndarafélag
Íslands 2004



Arni Sæberg/
Morgunblaðið.

Ketti bjargað úr vatnsröri

Starfsmenn fjarskiptastöðvarinnar í Gufunesi stóðu í stórræðum í gærkvöldi. Ráðist var í miklar björgunaraðgerðir til að ná ketti út úr holræsi, en hann hafði skriðið þar inn og fest sig. „Þetta er svona mannlegur þáttur sem við vorum að glíma við,“ segir Hafsteinn Guðmundsson vaktstjóri. Bjargvætturinn Ragnar Kummer lyftir Áka fagnandi upp úr skítugu og blautu ræsinu.



Umsögn dómnefndar

Skemmtileg og lýsandi myndröð sem snertir við fólk. Góð og hnitmiðuð frásögn af björgun kattar úr sjálfheldu.

Veðlaun veitir
Tveir Fiskar
veitingahús við höfnina



Myndaröð

Portrett



Helgi Hóseasson

Býr ekki til vísur til að verða frægur. Mótmælaspjöld standa um alla íbúðina og biða þess að fá að tjá sig. Úrklippur hanga uppi um alla vegg, á bókarkápum, jafnvel á eldhúsrúllustandinum og flestar með páruðum athugasemdum eða feitletrunum. Innan um þær stendur maður með hvítt hár og skegg. Hann mótmælir hvers kyns óréttlæti í heiminum, en umfram allt vill hann fá skirn sína og fermingu ógilda í þjóðskrá. Maðurinn er Helgi Hóseasson.

Umsögn dómnefndar

Sterkt portrett af óvenjulegum manni sem ekki hefur bundið bagga sína sömu hnútum og aðrir. Á beinskeyttan hátt lýsir myndin vel þjóðþekktum einstaklingi.



Veðlaun veitir
Og Vodafone



Kristinn
Ingvarsson/
Morgunblaðið.

Ípróttamynd



Brynjar Gauti/
Morgunblaðið.

Íris Edda Heimisdóttir

í 200 metra bringusundi á Smáþjóðaleikunum á Möltu.

Umsögn dómnefndar

Dynamísk mynd sem tekin er á augnabliki sem erfitt er að ná. Uppbygging einföld en áhrifarík.

Veðlaun veitir Morgunblaðið

Fréttaljósmynd og mynd ársins



Pjetur
Sigurðsson/DV.

Norðurljósin seld

Jón Ólafsson, fyrrum eigandi Norðurljósa, kemur til landsins í einkaþotu til að ganga frá sölu á fyrirtæki sínu.

Umsögn dómnefndar

Góð fréttamynd þar sem margt er gerast samtímis. Fangar vel hraða nútímaviðskiptahátta þar sem mikið er lagt undir og tíminn oft knappur.

Veðlaun veitir
Hans Petersen og
Bláðamannafélag Íslands



Myndir ársins hjá



WORLD PRESS PHOTO

WPP

Búið er að velja myndir ársins hjá World Press Photo. Í ár var mynd ársins tekin af Jean-Marc Bouju hjá AP og sýnir hún iraskan stríðsfanga faðma son sinn.

Í flokki fréttamynda ársins var Ahmed Jadallah hjá Reuters hlutskarpastur í flokkinum „spot news“. Mynd hans er af árás sem gerð var á

WORLD PRESS PHOTO
 WORLD PRESS PHOTO
 WORLD PRESS PHOTO

palestínska flóttamenn í flóttamannabúðum við Jablayja. Palestínurmenn voru einnig myndefnið í fréttamynd ársins í flokknum „general news“ en þá mynd átti Jerry Lampen, hjá Reuters. Nánar er hægt að lesa um samkeppnina á heimasíðu Blaðaljósmyndarafélags Íslands á slóðinni: <http://www.pressphoto.is>

Aðalfundur BÍ 2004



Mánudaginn 26. apríl
 kl. 20.00 í Síðumúlanum

Aðalfundur Bláðamannafélags Íslands verður haldinn mánudaginn 26. apríl n.k. í félagsheimili blaðamanna að Síðumúla 23 og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20.00.

Dagskrá: _____

Venjuleg aðalfundarstörf
 Skýrslur frá starfsnefndum
 Kosningar
 Önnur mál

BÍ-félagar eru hvattir til að mæta

Til sjóðfélaga

Hefur þú fengið iðgjaldyfirlitið?

Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur sent sjóðfélögum yfirlit yfir móttækin iðgjöld á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2003. Ekki er óeðlilegt að greiðslur fyrir mánuðina nóvember og desember sl. vanti á yfirlitið.

Mikilvægt að bera saman yfirlit og launaseðla!

Hafir þú ekki fengið yfirlit, en dregið hefur verið af launum þínum í Lífeyrissjóð verzlunarmanna, eða ef launaseðlum ber ekki saman við yfirlitið, þá vinsamlegast hafðu samband við viðkomandi fyrirtæki og/eða innheimtudeild sjóðsins hið allra fyrsta og eigi síðar en 1. maí nk.

Gættu réttar þíns!

Mikilvægt er að fullvissa sig um að upplýsingarnar um iðgjöldin til lífeyrissjóðsins sem tilgreind eru á yfirlitinu séu í samræmi við launaseðla. Verði vanskil á greiðslum iðgjalda í lífeyrissjóð geta dýrmæt lífeyrisréttindi glatast.



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is | www.live.is

Árósar, Kirkenæs, Tromsø, Múrmansk, Strassborg, Brussel og Berlín...

Örbirgð og náttúruspjöll kannski minnisstæðust



Eftir
Guðrúnu Helgu
Sigurðardóttur

Við fórum á markaðinn í samíska þorpinu Lovosero, Erja og ég. Erja hafði lært smávegis í rússnesku á skólaárum sínum í Finnlandi og var á fullu að blaðra við kaupmennina og viðskiptavinina þeirra. Búttuðu babúsk-

urnar vildu endilega selja henni sem flest, gular og bleikar nærbuxur, spari-dress og klossuð vetrarstigvél, og ungu mennirnir hugðu gott til glóðarinnar, kominn sjaldséður hvítur hrafn með gnægð af seðlum. Og það sem meira var, full af vilja til að eyða sem mestu. Erja varð vinur þeirra allra og hún kundi virkilega vel að meta markaðinn. Fyrir vikið urðum við alltof seinar á sýningu barnanna í menningar-miðstöðinni.

Brunnar hríslur á stangli

Við Erja vorum tvær í hópi sextán norrænna blaðamanna á námskeiði á vegum Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar í Árósam í haust. Um átta

vikna námskeið var að ræða og hluti þess fólst í að ferðast með rútu frá Kirkenæs í Norður-Noregi í gegnum bæinn Nikel í Rússlandi og alla leið til Múrmansk á Kóla-skaga. Það er ferð sem enginn verður svikinn af. Ekki vegna náttúrefegurðar heldur þvert á móti. Því höfðum við komist að þarna nokkrum dögum áður. Umhverfisspjöllin eru með þvílíku móti að landið verður áratugi og kannski aldir að jafna sig. Jörðin er sviðin og svört svo að maður sekkur ofan í drulluna. Þarna þrífst ekkert, bara brunnar hríslur á stangli og iðnaðurinn ennþá í fullum gangi og ekki beint umhverfissvænn svo að vonin er sennilega ekki mikil. Ekki beint lífvænlegt heldur fyrir



Blaðamannahópurinn ferðaðist með rútu frá Kirkenæs í Norður-Noregi í gegnum bæinn Nikel í Rússlandi og alla leið til Múrmansk. Á leiðinni eru umhverfisspjöllin þvílík að landið verður áratugi að jafna sig. Jörðin er sviðin og svört og maður sekkur ofan í drulluna.

Mynd: Guðrún Helga Sigurðardóttir

mannfólkið sem fyrst og fremst kemur þarna af því að ekki er aðra vinnu að fá og flytur svo burt um leið og það getur.

Blaðamönnunum varð svo mikið um spjöllin að þegar leið á daginn varð að opna flösku og reyna að hressa sig, taka lagið og sjá björtu hliðarnar í lífinu.

Fjarri vestrænni velsæld

Daginn eftir fórum við um borð í bátinn Lepse í höfninni í Múrmansk. Báturinn er „frægur“ fyrir þá sök að hann hefur að geyma kjarnorkuúrgang í miklu magni ýmsum umhverfissamtökum til mikillar armæðu. Úrgangurinn hefur verið múraður í lestar skipsins og því er nánast ógjörningur að fjarlægja hann. Hópurinn fékk að fara um borð í skipið og ganga um það, stoppað stutt í brúnni en svo rekinn í land aftur, það þótti ekki ráðlegt að stoppa þarna of lengi. Aður fyrr svaf áhöfn skipsins um borð en hún gerir það ekki lengur. Það þykir ekki gæfulegt enda ekki fyllilega ljóst hvaða heilsufarsleg áhrif það hefur. Áhöfnin hefur löngu verið send til síns heima vilt og breitt um Rússland og kannski fyrrum ríki Sovétríkjanna og ekkert fylgst með hvað á daga hennar hefur drifið síðan. En nokkuð ljóst er að varla hafa það verið góð áhrif.

Norræni blaðamannahópurinn sýslaði margt og mikið á þeim átta vikum sem námskeiðið stóð. Hópurinn var með höfuðstöðvar í Danmörku en fór til Norður-Noregs, Brussel, Strassborgar og Berlínar en heimsóknin til Múrmansk var kannski lærdómsríkust og eftirminnleg um margt. Ofarlega í minningunni situr m.a. heimsókn hópsins í áður nefnt þorp, Lovosero, þar sem húsin eru hrórlegir hjallar og göturnar holóttar ef þær á annað borð eru malbikaðar. Þetta þorp er fjarri vestrænni velsæld og menningu og hugarfar íbúanna allt annað þó að reynt sé að byggja atvinnulífið upp, m.a. með rússnesk-sænsku hreindýrasláturhúsi. Það festist í minningunni að hafa farið með Erju á markaðinn, gengið um þorpið og hitt fólk, skoðað handverkssýningu barna og ungs fólks og horft á litríka og hressilega samíska danssýningu í menningarmiðstöðinni.



Guðrún Helga Sigurðardóttir, blaðamaður á Frjálsri verslun, og fréttamennirnir Kristján Már Unnarsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir á Stöð 2 á Íslandskvöldinu í Arósum.

Mynd: Rune Hagen/Richard Löof

Bakkelsið hið besta

Þá er það ekki síður eftirminnilegt þegar rútan þræddi sig eftir skógar-slóða niður að vatni þar sem slegið hafði verið upp samísku tjaldi. Þarna var eldri kona með ungan hermann sér til aðstoðar að elda mat handa okkur blaðamönnunum sextán yfir eldi, einhvers konar hreindýrasoð með beinum og einhverju af kartöflum og grænmeti. Hún hafði líka bakad ljúffengt kaffibrauð af ýmsu tagi. Félagar mínir voru sumir ekkert hressir með veitingarnar og einhverjir fustuðu og sveiðu yfir flugu í súpunni. Það er rétt. Það var fluga í súpunni, þess heiðurs varð m.a. undirrituð aðnjótandi, en ekki þýddi að kvarta. Einhvern veginn grunar mig að almennt hafi banhungraður mannskapurinn ekki gert sér sérstaklega mikið úr fæðinu enda vanur hamborgurum og gerilsneyddri mjólk. Það skal líka viðurkennt að súpan var furðuleg þó að ekki hefði hún verið bragðvond. En bakkelsið var hið besta.

Þarna var fátækt fólk, rússneskir Samar, að bjóða upp á sitt allra besta. Það var heiður að fá að koma í þorpið þeirra, kynnast þessu fólk og fá hlutdeild í kjörum þess.

Langbesta kvöldið!

Við vorum þrír íslenskir blaðamenn sem nutu þeirra forréttinda að vera í norræna hópnum, ég og fréttamennirnir Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og Kristján Már Unnarsson á Stöð 2 og fullyrði ég að námskeiðið hafi verið afskaplega fróðlegt og gagnlegt fyrir okkur öll. Á námskeiðunum hjá Norrænu blaðamannamiðstöðinni er venja að hver sendinefnd haldi eitt menningarkvöld fyrir allan hópinn og það gerðum við undir lok námskeiðsins. Boðið var upp á þríréttaðan mat með sjóbirting í forrétt, lambahrygg og hangikjöt í aðalrétt og ítalskan ís og pönnukökur með bláberjum í eftirrétt. Á eftir var svo boðið upp á kaffi, koniak og íslenskt konfekt. Skemmtidagskráin var kræsileg. Við fengum íslenska hesta í heimsókn og allir fengu að skreppa á bak og Gaui trúbadúr kom í heimsókn ásamt félaganum sínum og þeir tóku nokkur lög fyrir utan heimatilbúin skemmtiatriði, söng og dans. Kvöldið reyndist hið skemmtilegasta og var reyndar mál manna að þetta hefði verið toppurinn - langbesta kvöldið!

Ágrip af sögu ríkisrekkinna fjölmiðla í Ástralíu



Eftir
Baldur Arnarson

Fjölmiðlun í Ástralíu hófst formlega árið 1803, fimmtán árum eftir komu fyrsta flota Englendinga til Sydney 1788, með stofnun dagblaðsins Sydney Gazette og tilkynningablaðsins New South Wales Advertiser. Blöðin voru stofnuð og rekin af breskri herstjórn sem sá fljótt mikilvægi dagblaða fyrir uppbyggingu nýlendunnar, enda þurfti ríkan aga og aðhald til að koma á fót samfélagi þar sem fangar voru talsverður hluti innflytjenda. Má segja að dagblaðið Sydney Gazette hafi ekki farið í graf-götur með markmið sitt, sem var að hvetja innflytjendur til dáða, því á forsiðu stóð „Thus we will prosper.“ Síðan þessu tímabili uppbyggingar og herstjórnar Evrópubúa lauk hafa dagblöð í Ástralíu verið einkarekin, enda hefur ástralska ríkið aldrei farið út í útgáfu dagblaða líkt og herstjórnin, þrátt fyrir að Verkamannaflokkurinn hafi nokkrum sinnum lagt fram frumvörp þess efnis. Sydney Gazette var þó ekki lengi eina dagblaðið í nýlendunni því á næstu árum og áratugum voru fjölmörg dagblöð stofnuð í Nýja Suður-Wales og í öðrum ríkjum og er í dag áætlað að á tíma-


bilinu 1850 — 1950 hafi um 800 dagblöð hafið göngu sína í Nýja Suður-Wales, en frá upphafi hafa um 1600 dagblöð verið stofnuð í Ástralíu. Þegar þetta er ritað eru starfandi um 500 dagblöð í landinu, en eins og svo víða annars staðar er gengi ástralskra dagblaða mikið undir efnahag komið: Þurrkar, flóð, efnahagslægðir og erfiðleikar með aðföng í seinni heimisstyrjöldinni eru meðal þátta sem hafa haft takmarkandi áhrif á rekstur og líftíma ástralskra dagblaða. Þrýstingur frá stjórn-málamönnum hefur einnig haft að segja fyrir rekstur dagblaða, í nútíð og þátíð, en þegar á þriðja áratug nítjándu aldar reyndu bresk yfirvöld að ná yfirráðum í sjálfstæðissinnuðum dagblöðum án þess að hafa erindi sem erfiði, og er sú barátta fyrir tjáningarfrelsi ástralskra dagblaða talin marka upphaf sjálfstæðrar og óháðrar fjölmiðlunar í Ástralíu, jafnvel sjálfstæðisviðleitni Ástrala yfirleitt.

Hernaðarsjónarmið flýttir fyrir útbreiðslu loftskeytatækninnar — Konungleg útvarpssending vísir að stofnun ABC

Árið 1901 varð Ástralía sjálfstætt ríkjasamband með sameiningu sex ríkja og má segja að næstu áratugi hafi fjölmiðlum á ný verið falið einskonar uppbyggingarhlutverk; við að mennta, verja og tengja saman hina nýju þjóð. Fyrsta tækninýjungin af mörkum sem áttu eftir að leiða til fyrstu ljósvakamiðla Ástralíu var loftskeytatækni Marconis, en henni var veitt starfsleyfi árið 1906. Tækni Marconis leiddi til samskiptabyltingar á austur-

strönd Ástralíu, sem sannaðist árið 1909 þegar hættu á innrás frá Japan jók skyndilega mikilvægi loftskeytisins og var allt kapp lagt á að nýta tæknina í hernaðarþágu með reglulegum tilkynningum af skipaferðum. En til gamans má geta þess að tilkynningaskylda fyrir skip, með fimmtíu farþegum eða fleiri, var bundin í áströlsk siglingalög, líkt og víðast annars staðar, skömmu eftir Titanic-slysið árið 1912. Loftskeytatækni var ekki orðin gömul þegar fyrstu tilraunir í Ástralíu með útvarpssendingar fóru fram í bílskúr verkfræðingsins Sydney Norman árið 1921, í einu út hverfa Melbourne, er hann hóf rekstur tilraunaútvarpsstöðvar. Tveimur árum síðar, 13. nóvember 1923, fór fram fyrsta opinbera útvarpssendingin með tónleikum sínfónihljóm-sveitar og vakti tilraunin mikla athygli. Vísir að stofnun Útvarps ABC, Australian Broadcasting Commission (síðar Corporation), var bein „konungleg“ útvarps útsending frá Ástralíu til Englands mánudagsmorguninn 7. september 1927, en tíminn var valinn svo Bretar gætu hlustað á útsendinguna eftir sunnudagssteikina. Fimm árum síðar, 1932, hóf svo Útvarp ABC göngu sína, og samanstóð það af 12 útvarpsstöðum víðsvegar um landið.

ABC gegnir fljótt mikilvægu menningarhlutverki — Fyrstu fréttatímarnir upplestur úr dagblöðum
Tilkoma ABC hafði fljótt mikil menningarleg áhrif og nokkrum mánuðum eftir stofnun þess var farið af stað



með samkeppni fyrir áströlsk tónskáld og árið 1936 voru komin upp upptökuver fyrir símfónihljómsveitir í öllum ríkjum landsins. Sama ár var farið af stað með útvarpsuppfærslur á leikverkum Shakespeares, 37 talsins, og tók flutningurinn um þrjú ár, en í framhaldinu uppfærslur á leikverkum eftir áströlsk leikskáld, sem unnið höfðu í samkeppni á vegum ABC. Slíkt menningarefni var í anda BBC, sem lagði mikið upp úr flutningi á leikverkum, klassískum og nýjum. Skólar nutu einnig góðs af útvarpi ABC því að útvarpið var snemma virkjað í þágu menntunar með útsendingum á kennslufni ýmiskonar. Heiðursmannasamkomulag við samtök blaðaútgefanda, frá 1932 — 1936, fól í sér að ABC var heimilt að flytja og lesa innlendar og erlendar fréttir beint upp úr dagblöðum. Árið 1934 réð svo ABC fyrsta blaðamanninn á nýja fréttadeild útvarpsins og tveimur árum síðar var ráðinn fyrsti fréttastjórinn fyrir landið, að frátaldr Vestur-Ástralíu, en fengnir efnilegir háskólanemar fréttamönnum til aðstoðar við greiningu á erlendum mál-efnum, m.a. uppgangi nasista í Þýskalandi. En þarna sótti ABC fyrirmynd til BBC, sem átti í góðu sambandi við breska háskólamenn. Vægi slíkrar greiningar átti fljótlega eftir að aukast, enda stýttist óðum í stórstyrjöld og mestu ógnun við Ástralíu frá upphafi.

Árásin á Perluhöfn hefur áhrif á dagskrárgerð — Stefubreyting ABC á fimmta áratugnum

Í seinni heimsstyrjöldinni hafði ástralska upplýsingaráðuneytið yfirumsjón með kvöldfréttum ABC og hafði árásin á Perlu Höfn, í desember 1941, gífurleg áhrif á Útvarp ABC og varð dagskrá þess mikilvægur þáttur í stefnu og baráttu þjóðarinnar í stríðinu. En árásin á Perluhöfn og fall flotastöðvar Breta í Singapúr, sem átti að þjóna sem varnarveggur gegn Japan á Asíu-Kyrrahafssvæðinu, magnaði upp geysilegan ótta við innrás Japana í Ástralíu og á vormánuðum 1942 voru loftárásir Japana í norðurhluta Ástralíu, einkum í

Darwin, til að magna þennan ótta. Þannig voru ýmsir dagskrárliðir hannaðir gagngert til að efla baráttuþrek þjóðarinnar og var þáttaröðin „Japaninn eins og hann er í raun,” sem var tekin af dagskrá vegna mót-mæla, ágætt dæmi um áhrif stjórnsvalda á dagskrá ABC. Stríðið varð einnig til að fjölga fréttamönnum hjá ABC, sem voru nú m.a. staðsettir í Mið-Austurlöndum og á Asíu-Kyrrahafssvæðinu. Eftir stríðslok varð áherslubreyting hjá ABC þegar ákveðið var að hafa eina útvarpsstöð fyrir allt landið með „alvarlegu efni” en leyfa meira frjálstræði í dagskrárgerð á borgarstöðvunum. En þetta átti eftir að leiða til mikillar aukningar í framleiðslu afþreyingarefnis. Þá var fjallað um íþróttaviðburði sem aldrei fyrr, og af nógu að taka, enda Ástralía mikil íþróttþjóð.

Ástralir fylgjast grannt með þróun sjónvarpstækninnar — Ólympíuleikarnir 1956 eldskírnr nýrrar sjónvarpsdeildar ABC þegar árið 1946 fór ABC að fylgjast grannt með þróun sjónvarpstækninnar og árið 1949 leyfði ríkisstjórn Roberts Menzies tilraunir með útsendingar í Sydney. Síðar um árið, fimmta nóvember, var fyrsta sjónvarpsstöð ABC, ABN2, stofnuð í borginni, tæpum hálfum mánuði á undan næstu sjónvarpsstöð ABC í Melbourne, sem hélt, ásamt stöðinni í Sydney, uppi tilraunaútsendingum næstu árin. Fjórum árum síðar voru lög sett um sjónvarpsleyfi og þeim úthlutað til tveggja borga, Melbourne og Sydney, þar sem sjónvarpsendingar skyldu hafnar. En þetta skref, að binda leyfi til reksturs fjölmiðils við afmarkað svæði, átti eftir að hafa mikil áhrif síðar. Í september 1956 hófst svo fyrsta formlega sjónvarpsútsendingin, þó ekki á vegum



ABC, heldur TCN-9, sem var einkarekin sjónvarpsstöð. Sjónvarpsútsendingar ABC byrjuðu þó í tæka tíð fyrir Ólympíuleikana í Melbourne síðar um haustið, þar sem hörð baráttu Vilhjálms Einarssonar við Ferreira da Silva vakti heimsathygli. Á næstu árum hófust sjónvarpsútsendingar í öðrum borgum og hafði hver borgarstöð ABC sína útgáfu af fréttum, enda landið stórt og víðáttumikið. Fyrst um sinn var talsvert um erlent efni á sjónvarpsstöð ABC, en á

sjöunda áratugnum fór vægi erlends efnis að minnka; sjónvarpsstöðvum fjölgaði úr 10 í 44, og í lok áratugarins var ástralskt sjónvarpsefni orðið ríkjandi á áströlskum sjónvarpsstöðvum. Þá ber að geta þess að ABC fór árið 1961 út í rekstur dreifbýlissjónvarpsstöðva, er miðuðu, fremur en stóru fréttastofurnar á borgarstöðvunum, fréttaflutning sinn við sjónarmið nærsveita. Ennfremur átti ABC í góðu samstarfi við BBC og sjónvarpsþátturinn Play School meðal samstarfsverkefna. Árin 1966 og 1967 hóf ABC að taka á móti fréttaskeytum um gervihnött, sem varð síðar mikilvæg leið til að koma útsendingum til þjóðarinnar. Fjórum árum síðar, 1971, var sjónvarpsdeild ABC komin með útibú í öllum ríkjum landsins, síðast Northern Territory. 1974 var svonefnt sjónvarpsgjald afnumið úr lögum og því rekstur sjónvarpsdeildar ABC framvegis eingöngu fjármagnaður með opinberum framlögum. En ABC er ekki rekið í hagnaðarskyni, er „non-profit” stofnun, og fer allur hagnaður aftur inn í rekstur samstæðunnar.

Sjónvarp ABC leiðandi í framleiðslu vandaðs sjónvarpsefnis Sjónvarp ABC hafði fjótt mikil menningaráhrif, líkt og útvarpið hafði áður gert, en átta árum eftir að sjónvarps-

útsendingar voru hafnar í Ástralíu var yfirgnæfandi meirihluti af ballett-, óperu- og leikuppfærslum í sjónvarpi á vegum stöðvarinnar. Árið 1961 var mikilvægt ár fyrir ástralska sjónvarpsfréttamennsku þegar nýr dagskrárlíður sjónvarps ABC, fréttapátturinn Four Corners fór í loftið, en hann hefur frá upphafi verið með betri fréttaskýringarpáttum í áströlsku sjónvarpi. Fjórtán árum síðar, 1975, hóf litasjónvarp göngu sína, en í millitíðinni opnaði ABC skrifstofur víða um heim, m.a. í Bangkok, Amman og Washington. Um líkt leyti hóf ABC að fjalla á nýjan og frjálsegri hátt um þjóðfélagsmál, listir og menningu í þættinum Lateline, sem er enn á dagskrá. Útvarp ABC hefur einnig komið með nýjungar í dagskrárgerð sem hafa vakið athygli og haft áhrif, en í upphafi níunda áratugarins fór útvarp ABC að senda út sérstakt efni um og fyrir afkomendur frumbyggja í norðurhluta Queensland og áttu þessar útsendingar fljótt eftir að nást víðar um landið. Ennfremur varð uppstokkun á útvarpsrekstri ABC, og m.a. stofnuð útvarpsstöð fyrir dreifbýli til að tryggja aðgang allra landsmanna að fréttum. En við þetta má bæta að einn angi útvarpsrekstrar ABC, Radio Australia, hefur frá miðjum níunda áratugnum í auknum mæli horft til Asíu-Kyrrahafsvæðisins í fréttalutningi sínum, sbr. ítarlega umfjöllun um valdaránið á Fiji 1987 og atburðina á Torgi hins himneska friðar tveimur árum síðar.

ABC hagræðir á níunda áratugnum — Innlend dagskrárgerð eflid Miklar stefnubreytingar áttu sér stað í kringum hálfra aldar afmæli ABC, 1982, en þá var ákveðið að ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri, uppfæra dagskrárgerð og tæknibúnað, og síðast en ekki síst að aðgreina rekstur sjónvarps- og útvarpssviða. En að auki voru auknar útsendingar um gervihnött og textavarp meðal afleiðinga þessara skipulagsbreytinga. Ennfremur var innlend kvikmyndagerð eflid og hefur auknum kostnaði verið mætt með ýmsum hætti, m.a. með því að leita eftir

samstarfi við einkaaðila við framleiðslu og fjármögnun. Þá var ný hljótleikadeild innan ABC stofnuð árið 1985, en meðal markmiða hennar er að laða til landsins framúrskarandi hljómsveitarstjóra og hljóðfæraleikara, og fyrir vikið er ABC nú meðal stærstu og fjölbreyttustu framleiðenda heims á sviði klassískrar tónlistar. Einnig hefur sala á sýningarrétti innlands sjónvarpsefnis, áður en framleiðsla hefst, orðið til að liðka fyrir framleiðslu. Til marks um árangur þessarar stefnubreytingar þrefaldaðist framleiðsla á innlendum sjónvarpsmyndum á árunum 1986 — 1991, og hefur sú stefna haldist síðan. Þá hafa frá því á tíunda áratugnum ýmsar nýjungar lit- ið dagsins ljós og er ABC Online og stafrænt sjónvarp meðal helstu nýjunga í rekstri samstæðunnar. Hin nýja vefdeild, ABC Online, var fyrst einkonar hliðardeild við útvarps- og



Kerry Packer.

sjónvarpssvið, en var árið 2000 breytt í sjálfstæða deild, ABC New Media, og er fjöldi vefsíðna innan ABC Online hægt og bitandi að nálgast eina milljón. Árið 2001 hófust sjónvarpsútsendingar í gegnum breiðband, en það á eftir að koma í ljós hvaða áhrif það, og stafrænt sjónvarp, munu hafa á ástralskan sjónvarpsmarkað.

Ítarefni um takmarkanir á eignarhaldi á áströlskum fjölmiðlum — Murdoch og Packer langstærstir

Tveir aðilar, Rupert Murdoch og Kerry Packer, eru með ráðandi stöðu hvor á sínum markaði, Murdoch yfir blaðamarkaðnum en Packer yfir tímaritamarkaðnum, fyrir utan að eiga vinsælustu sjónvarpsstöðina, Channel Nine, og hlut í FOX Tel og Sky News að auki. The Australian Financial Review gerði fyrir nokkrum árum athugun á eignarhaldi þeirra á fjölmiðlum, þar sem tekið var tillit til uppreiknaðs sjónvarpsáhorfs, útvarpshlustunar og upplags dagblaða og tímarita. Reiknaðist blaðinu til að Kerry Packer, og fyrirtæki

hans PBL, væri stærst á markaðnum með 28.67 prósent markaðshlutdeild, en Murdoch og News Ltd þar næst með 20.39 prósent. Áhrif þeirra á ástralska fjölmiðlamarkaðnum eru því afgerandi. Ýmsar takmarkanir eru á eignarhaldi á fjölmiðlum landsins og hafa þær haft töluverð áhrif. Þannig var aðalsjónvarpsstöðin og stærsta dagblaðið í Canberra, höfuðborg Ástralíu og þingstaður, í eigu sama aðila (Fairfax) áður en takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum voru lögleiddar á níunda áratugnum af ríkisstjórn Verkamannaflokksins undir forystu Robert J. Hawke (forsætisráðherra Ástralíu 1983 — 1991). Þrátt fyrir að


gagnrýni á núverandi fjölmiðlakóngi, Murdoch og Packer, hafi verið mun meira áberandi en gagnrýni á smærri þátttakendur á ástralska fjölmiðlamarkaðnum, eins og t.a.m. Fairfax Group, þar sem dreifð eignaraðild er talin auka sjálfstæði í vinnubrögðum, reyndi John Howard þegar árið 1997, ári eftir að hann varð forsætisráðherra, að afnema

Þessar takmarkanir, en tókst ekki. Meginafleiðing þessara takmarkana á eignarhaldi á áströlskum fjölmiðlum hefur verið bundin við markaðssvæði, fremur en landið í heild. Þannig hafa fjölmiðlaveldi í borgum verið brotin upp og hefur samkeppni sums staðar aukist fyrir vikið. Hins vegar telja margir að fjölbreytni á fjölmiðlamarkaðnum hafi ekki aukist að ráði og er þeirri röksemd mikið beitt af andstæðingum þessara takmarkana. Þá segir fjöldi eigenda að fjölmiðlafyrirtækjum ekki alltaf alla söguna þegar rætt er um fjölbreytni á fjölmiðlamarkaðnum. Þetta sést á því að meiri munur er á milli einstakra stórdagblaða, sem þó eru öll nema eitt í eigu tveggja aðila, heldur en útvarpsstöðva, þar sem fimm aðilar ráða ríkjum, eða einkareknu sjónvarpsstöðvanna þriggjar, sem bjóða upp á mjög sambærilega dagskrárstefnu þrátt fyrir að eiga í harðri samkeppni.

Takmarkanir á eignarhaldi ástralskra ríkisborgara á áströlskum fjölmiðlum

Takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla í Ástralíu eru einkum tvíþættar: Annars vegar er um að ræða takmarkanir á eignarhaldi ástralskra ríkisborgara á fjölmiðlum á afmörkuðum markaðssvæðum og hins vegar takmarkanir á eignarhaldi útlendinga í áströlskum fjölmiðlum. Um þetta hef ég fyrr fjallað í grein hér á press.is, sem finna má undir „faglegt — aðsendar greinar,“ en þar sem ég fór þar aðeins lauslega yfir þessar takmarkanir langar mig til að útskýra þær betur, þótt þessi útskýring sé á engan hátt tæmandi. Þegar kemur að eignarhaldi ástralskra ríkisborgara á fjölmiðlum á afmörkuðum markaðssvæðum eru takmarkanirnar þríþættar; á sjónvarpi, dagblöðum og útvarpi. Í fyrsta lagi má handhafi sjónvarpsleyfis ekki eiga og reka dagblað og/eða útvarpsstöð á sama markaðssvæði. Hins vegar má

sami aðili, óháð því hvort hann er handhafi sjónvarps-, dagblaðs-, eða útvarpsleyfis, eiga ótakmarkað í gervihnattasjónvarpi á einu markaðssvæði, svo fremi sem eftirlitsstofnanir samþykki umsvifin. Ennfremur má sami aðili ekki vera skráður fyrir sjónvarpsleyfi þar sem heildarleyfissvæði nær yfir 75 prósent íbúa þjóðarinnar. Þannig nær heildarmarkaðsleyfi Channel Nine til 51.5



Rupert Murdoch.

prósenta þjóðarinnar, Channel 7 til 72 prósent þjóðarinnar og Channel Ten til 65 prósent þjóðarinnar. Channel Nine er hins vegar með mest áhorf og segir útbreiðsla sjónvarpsleyfa því ekki alla söguna. Dæmi um þetta er að tvö stærstu markaðssvæðin, Melbourne og Sydney, ná til 37 prósent þjóðarinnar og þýðir góð staða þar því mikið á landsvísu. Í öðru lagi er handhafa rekstrarleyfis fyrir dagblað heimilt að eiga og reka dagblöð á sama markaðssvæði að vild, svo framarlega sem það brytur ekki í bága við samkeppnislög. Um eign á annars konar fjölmiðlum fyrir blaðaútgefanda gildir það sama og fyrir handhafa sjónvarpsleyfis: hann má ekki taka þátt í rekstri annars konar fjölmiðla á sama markaðssvæði, í þessu tilviki ljósvakamiðla. Að lokum má rekstraraðili útvarps ekki taka þátt í rekstri sjónvarps og dagblaðs, né heldur reka og eiga fleiri en eina útvarpsstöð á sama markaðssvæði.

Hámarkseign erlendra aðila í áströlskum fjölmiðli 49.99 prósent
Um erlenda fjárfestingu í áströlskum fjölmiðlum gilda ýmsar reglur og takmarkanir sem eru mismunandi eftir

því hvort um er að ræða sjónvarp, útvarp eða dagblöð, líkt og með takmarkanir á innlendra eignaraðild. Í fyrsta lagi eru miklar takmarkanir á erlendra fjárfestingu í áströlskum dagblöðum og fari eignarhlutur erlends aðila yfir 5 prósent, eða sýni hann áhuga á að stofna nýtt dagblað, ber yfirvöldum skylda til að athuga það sérstaklega. Ennfremur er einum erlendum aðila ekki heimilt að eiga meira en 25 prósent í dagblaði, sem er gefið út í borg eða á landsvísu, og leyfð hámarkseignaraðild útlendinga að samanlögðu 30 prósent. Hámarkseignaraðild erlendra aðila, í áströlskum fjölmiðli, nær til minni dreifbýlis og úthverfa (suburban) dagblaða, en þar er hámarkið 49.99 prósent. Í öðru lagi er erlendum aðila heimilt að eiga að hámarki 15 prósent í fyrirtæki með sjónvarpsleyfi, og hámarks eignarhlutur erlendra aðila samtals 20 prósent. Sama gildir hér og með dagblöðin: einn erlendum aðili eða hópur má ekki eiga umfram 15 prósent og verður afgangurinn, 5 prósent, að koma frá ótengdum erlendum aðilum. Þá mega ekki fleiri en fimmtungur stjórnenda í fyrirtæki með sjónvarpsleyfi vera erlendir aðilar og ber yfirvöldum að rannsaka öll meiriháttar kaup útlendinga í áströlskum sjónvarpsstöðum sérstaklega, líkt og í dagblaðageiranum. Þegar kemur að sjónvarpsleyfum fyrir áskriftar-sjónvarp má erlendum aðili ekki eiga meira en 20 prósent í fyrirtæki með sjónvarpsleyfi og heildareign útlendinga ekki fara yfir 35 prósent. Í þriðja lagi eru engar takmarkanir á eign erlendra aðila á útvarpsmarkaði eða á veraldarvefnum. Hins vegar veitir útvarpsmarkaðurinn eins konar vörn gegn innkomu erlendra aðila, m.a. vegna takmarkaðra auglýsingatekna.

Höfundur er nemi í fjölmiðlafræðum og sagnfræði við University of Queensland, Ástralíu.



Orlofshús

Blaðamannafélags Íslands



Sumarhús í Brekku og á Akureyri

Umsóknarfrestur um sumarhús BÍ skulu hafa borist skrifstofu félagsins í síðasta lagi föstudaginn 25. apríl. Sendið umsóknir í tölvupósti á bi@press.is, eða með *símbréfi* 553 9177.

Nánari upplýsingar á skrifstofu BÍ, Síðumúla 23, sími 553 9155.

Sama lága leigan

Vikugjald fyrir fullgilda félagi í BÍ verður kr. 11.000,- í Brekku 2 og 15.000,- í Brekku 1 og á Akureyri og greiðist við staðfestingu úthlutunar.

Heimilt að greiða með Visa / Euro.

Brekka 1

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- | | |
|----------|-----------------------|
| 1. vika | 28. maí - 4. júní |
| 2. vika | 4. júní - 11. júní |
| 3. vika | 11. júní - 18. júní |
| 4. vika | 18. júní - 25. júní |
| 5. vika | 25. júní - 2. júlí |
| 6. vika | 2. júlí - 9. júlí |
| 7. vika | 9. júlí - 16. júlí |
| 8. vika | 16. júlí - 23. júlí |
| 9. vika | 23. júlí - 30. júlí |
| 10. vika | 30. júlí - 6. ágúst |
| 11. vika | 6. ágúst - 13. ágúst |
| 12. vika | 13. ágúst - 20. ágúst |
| 13. vika | 20. ágúst - 27. ágúst |
| 14. vika | 27. ágúst - 3. sept |

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Brekka 2

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- | | |
|----------|-----------------------|
| 1. vika | 28. maí - 4. júní |
| 2. vika | 4. júní - 11. júní |
| 3. vika | 11. júní - 18. júní |
| 4. vika | 18. júní - 25. júní |
| 5. vika | 25. júní - 2. júlí |
| 6. vika | 2. júlí - 9. júlí |
| 7. vika | 9. júlí - 16. júlí |
| 8. vika | 16. júlí - 23. júlí |
| 9. vika | 23. júlí - 30. júlí |
| 10. vika | 30. júlí - 6. ágúst |
| 11. vika | 6. ágúst - 13. ágúst |
| 12. vika | 13. ágúst - 20. ágúst |
| 13. vika | 20. ágúst - 27. ágúst |
| 14. vika | 27. ágúst - 3. sept |

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Akureyri

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- | | |
|----------|-----------------------|
| 1. vika | 28. maí - 4. júní |
| 2. vika | 4. júní - 11. júní |
| 3. vika | 11. júní - 18. júní |
| 4. vika | 18. júní - 25. júní |
| 5. vika | 25. júní - 2. júlí |
| 6. vika | 2. júlí - 9. júlí |
| 7. vika | 9. júlí - 16. júlí |
| 8. vika | 16. júlí - 23. júlí |
| 9. vika | 23. júlí - 30. júlí |
| 10. vika | 30. júlí - 6. ágúst |
| 11. vika | 6. ágúst - 13. ágúst |
| 12. vika | 13. ágúst - 20. ágúst |
| 13. vika | 20. ágúst - 27. ágúst |
| 14. vika | 27. ágúst - 3. sept |

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Nefnið fleiri en eina viku til þess að auðvelda úthlutun!

Athugið að heitir pottar eru komnir við báða bústaðina í Brekku og gestahús við Brekku 1 og þess vegna er leigan hærri þar.

Félagaskrá BÍ

Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:	Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
1	ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON		1.9.1942		66	EIRÍKUR STEFÁN EIRÍKSSON	SKERPLA	26.1.1978	
2	ATLI STEINARSSON		30.6.1950	1.1.1951	67	HEIÐUR HELGADÓTTIR		1.2.1978	
3	SVERRIR ÞÓRÐARSON		1.10.1943		68	KRISTINN HALLGRÍMSSON		1.6.1977	1.6.1978
4	ELÍN PÁLMAÐÓTTIR		1951		69	GUÐMUNDUR GUÐJÓNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1978	
5	MATTHÍAS JOHANNESSEN		1951		70	HULDA VALTÝSDÓTTIR			1.9.1978
6	GÍSLI SIGURÐSSON		1.1.1955		71	EMILÍA BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	HAUST 74	2.10.1978
7	JÓNAS KRISTJÁNSSON	EIDFAXI	1.2.1961		72	GUÐLAUGUR BERGMUNDSSON		1.3.1979	
8	FRÍÐA BJÖRNSDÓTTIR	FRÓÐI	21.6.1961	1.10.1962	73	FRÍÐA PROPPÉ		19.3.1979	
9	BRAGI GUÐMUNDSSON		1.6.1962		74	ATLI RÚNAR HALLDÓRSSON	ATHYGLI	1.9.1976	1.6.1979
10	GÍSLI J. ÁSTÞÓRSSON		1.1.1946		75	HILMAR KARLSSON		1.6.1979	
11	ODDUR ÓLAFSSON		1957	1.2.1967	76	ÞÓRIR GUÐMUNDSSON	RAUÐI KROSS ÍSLANDS	1.5.1979	
12	BJÖRN VIGNIR SIGURPÁLSSON	MORGUNBLAÐIÐ	15.10.1964	3.12.1965	77	VALGERÐUR Þ. JÓNSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1979	
13	MAGNÚS FINNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	VOR 1965		78	JÓHANNA SIGÞÓRSDÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	1976	1.9.1979
14	STEINAR J. LÜÐVÍKSSON	FRÓÐI	1.9.1965		79	JÓN ÁSGEIR SIGURÐSSON	RÚV	1.10.1979	
15	KÁRI JÓNASSON	RÚV	1.1.1962		80	ELLERT B. SCHRAM		1960	1.3.1980
16	GUÐJÓN EINARSSON		1.2.1959		81	SVEINN GUÐJÓNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1973	1.5.1980
17	INGVI HRAFN JÓNSSON		1.1.1966		82	ANNA ÓLAFSDÓTTIR BJÖRNSSON	BETWARE	3.5.1980	
18	FREYSTEINN JÓHANNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.5.1967		83	EIRÍKUR JÓNSSON	ÍSL. GETSPÁ	1.5.1978	1.6.1980
19	ÁRNI JOHNSEN		7.10.1967	1.12.1968	84	HJÓRTUR GÍSLASON	MORGUNBLAÐIÐ	1976	1.6.1978
20	JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR		7.10.1967	des.68	85	KRISTJÁN MÁR UNNARSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.9.1980	1.8.2002
21	STYRMIR GUNNARSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1965	12.4.1970	86	AGNES BRAGADÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	14.9.1980	
22	KJARTAN L. PÁLSSON		1.6.1968	21.1.1971	87	ÞÓRUNN GESTSDÓTTIR		1.10.1980	
23	SIGTRYGGUR SIGTRYGGSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.10.1970	1.10.1971	88	VALGERÐUR K. JÓNSDÓTTIR	HJÚKRUNARBLAÐIÐ	15.9.1981	
24	GUNNAR V. ANDRÉSSON	FRÉTTABLAÐIÐ	1967	6.4.1972	89	VÍÐIR SIGURÐSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.9.1981	
25	JÓHANNES REYKDAL	HÚSASMÍÐJAN	1.8.1971	29.7.1972	90	SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON	SKJÁR 1	1.10.1981	
26	ÚLFAR ÞORMÓÐSSON		14.7.1971	24.8.1972	91	LÜÐVÍK GEIRSSON		1.3.1979	1.1.1982
27	SIGURDÓR SIGURDÓRSSON	BÆNDABLAÐIÐ	1971	1973	92	GUÐJÓN SVEINBJÖRNSSON			1.3.1982
28	SIGMUNDUR Ó. STEINARSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.5.1972	1.8.1973	93	HJÁLMAR JÓNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	18.5.1982	
29	ÞRÓSTUR HARALDSSON	LÆKNABLAÐIÐ	1.1.1973	1.1.1974	94	JÓN BALDVIN HALLDÓRSSON		1.6.1981	1.6.1982
30	ARNÓR G. RAGNARSSON	MORGUNBLAÐIÐ		26.6.1974	95	SKAPTÍ HALLGRÍMSSON	MORGUNBLAÐIÐ		1.7.1982
31	ÁRNI JÖRGENSEN	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1973	26.6.1974	96	SIGMUND JÓHANNSSON			1.7.1982
32	ÞORBERGUR KRISTINSSON		1.3.1973	7.5.1974	97	PÁLL STEFÁNSSON	HEIMUR HF	1.7.1982	
33	ELÍAS MAR		1.1.1945	7.5.1974	98	MAGNÚS SIGURÐSSON	MORGUNBLAÐIÐ		1.10.1982
34	BJARGHILDUR STEFÁNSDÓTTIR		1.9.1966	7.5.1974	99	FRÍÐRIK ÞÓR GUÐMUNDSSON		1.7.1982	1.1.1983
35	ÁRNI ÞÓRARINSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1971	19.9.1974	100	VALÞÓR HLØÐVERSSON	ATHYGLI	1.1.1982	1.1.1983
36	INGA G. GUÐMANNSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.4.1973	14.1.1975	101	PÁLL H. KETILSSON	VÍKURFRÉTTIR		1.1.1983
37	MARÍA ÓLAFSDÓTTIR		1.10.1972	14.1.1975	102	ÁRNI SÆBERG	MORGUNBLAÐIÐ	1.2.1983	
38	SVEINN SIGURÐSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1973	1.2.1975	103	INGÓLFUR MARGEIRSSON			1.5.1983
39	HILMAR P. ÞORMÓÐSSON	MORGUNBLAÐIÐ		10.5.1975	104	GUÐMUNDUR SV. HERMANNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	30.5.1983	
40	ÞÓRIR ÞORSTEINSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.1.1975	20.5.1975	105	HELGI BJARNASON	MORGUNBLAÐIÐ	1.7.1982	1.6.1983
41	ATLI MAGNÚSSON		1974	20.5.1975	106	ÓLI ÖRN ANDREASSEN		1976	1.7.1983
42	KRISTÍN ÞORBJARNARDÓTTIR		1972	20.5.1975	107	ADALSTEINN INGÓLFSSON		1.9.1978	1.9.1983
43	STEFÁN FRÍÐBJARNARSON		1.8.1974	20.5.1975	108	ANDRÍNA G. JÓNSDÓTTIR		10.10.1983	
44	ÁGÚST I. JÓNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1972	20.5.1975	109	DONALD CHARLES BRANDT		1.5.1982	1.1.1984
45	ÓMAR VALDIMARSSON	RAUÐI KROSS ÍSLANDS	1.6.1969	1.9.1975	110	EYGLÓ STEFÁNSDÓTTIR	DV	1977	1.4.1984
46	ÁSGEIR TÓMASSON	RÚV	1.9.1975		111	SVERRIR VILHELMSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.4.1984	
47	JIM SMART	MORGUNBLAÐIÐ	1.9.1975		112	JÚLÍUS SIGURJÓNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.5.1984	
48	BORGHILDUR A. JÓNSDÓTTIR		1972	1.10.1975	113	SIGURÐUR Á. FRÍÐÞJÓFSSON	BSRB	1.5.1984	
49	KATRÍN PÁLSDÓTTIR	RÚV	5.1.1976		114	ANNA H. YATES		1.5.1984	
50	RAGNAR AXELSSON	MORGUNBLAÐIÐ	15.1.1976		115	GUÐMUNDUR O. INGVARSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1982	1.6.1984
51	GUNNAR E. KVARAN		1.5.1976		116	KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1984	
52	MAGNÚS H. GÍSLASON		1958	1976	117	STEFÁN KRISTJÁNSSON	DV		1.3.1984
53	GYLFI KRISTJÁNSSON		1.4.1976		118	MÓRÐUR ÁRNASON		1.6.1984	
54	JÓHANNES TÓMASSON	MORGUNBLAÐIÐ	21.6.1976		119	ÁSDÍS HARALDSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	12.6.1984	
55	ÁGÚST ÁSGEIRSSON	MORGUNBLAÐIÐ	3.8.1976		120	ÁRNI ÞORÐUR JÓNSSON	ATHYGLI	1.6.1984	
56	GUÐJÓN ARNGRÍMSSON		14.9.1976		121	GUÐBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1980	1.7.1984
57	GÍSLI SIGURGEIRSSON	RÚVAK	1.9.1976		122	ÞORSTEINN J. VILHJÁLMSON		8.8.1984	
58	GRÓA ORMSDÓTTIR		1.9.1976		123	ELÍN HIRST	RÚV	31.8.1984	
59	ELÍAS SNÆLAND JÓNSSON		1.10.1963	1.12.1976	124	RÚNAR ÁRMANN ARTHÚRSSON		1973	1.9.1984
60	JÓNAS HARALDSSON	VIDSKIPTABLAÐIÐ	9.4.1977		125	JÓHANNA INGVARSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	3.9.1984	
61	RAGNAR TH. SIGURÐSSON		1.12.1975	1.6.1977	126	EGGERT SKÚLASON		1.11.1984	
62	KJARTAN STEFÁNSSON	VIDSKIPTABLAÐIÐ	9.11.1977		127	VALUR JÓNATANSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.1.1985	
63	SIGURÐUR HREIDAR HREIDARSSON				128	GULLVEIG SÆMUNDSDÓTTIR	FRÓÐI	1.1.1985	
	SAGA BÍLSINS Á ÍSLANDI		9.6.1959	1977	129	ANNA KRISTINE MAGNÚSDÓTTIR		1.3.1977	1.1.1985
64	SÆVAR GUÐBJÖRNSSON			7.11.1977	130	GUNNAR GUNNARSSON	FRÓÐI	1.1.1985	
65	ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR		SUM 73	1.1.1979	131	BIRGIR GUÐMUNDSSON	BÍ	15.1.1985	



Nr.	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:	Nr.	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
132	EDDA G. ANDRÉSDÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN		1.3.1985	204	BJÖRN J. BJÖRNSSON	MORGUNBLAÐIÐ		1.3.1990
133	JÓN G. HAUKESSON	FRJÁLS VERSLUN	1.5.1982	1.2.1985	205	EINAR FALUR INGÓLFSSON	MORGUNBLAÐIÐ		1.5.1990
134	GUÐRÚN GUÐLAUGSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.3.1984	1.4.1985	206	PÖRUNN ÞÓRSDÓTTIR		1.6.1987	1.6.1990
135	SKÚLI UNNAR SVEINSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1983	1.6.1985	207	GUÐM. PÉTUR MATTHÍASSON	RÚV	1986	1.8.1990
136	BRAGI BERGMANN	FREMRI	1.9.1985		208	ÞORLÁKUR H. HELGASON		1.8.1990	
137	KRISTJÁN KRISTJÁNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	16.9.1985		209	PÉTUR STEINN GUÐMUNDSSON	AUTO REYKJAVÍK	28.8.1986	23.8.1990
138	SIGURÐUR M. JÓNSSON	VIÐSKIPTAÐIÐ	17.9.1985		210	JÓN ÁRSÆLL ÞÓRDARSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.3.1984	1.9.1990
139	PETER RADOVAN JAN VOSICKY			1.1.1986	211	JÓHANN HJÁLMARSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1960	1.10.1990
140	HELGI MÁR ARTHURSSON		1.1.1980	1.1.1986	212	PÉTUR ÞORSTEINSSON	AFDJÓFLUN		1.11.1990
141	PJETUR SIGURÐSSON	DV	7.4.1986		213	ISAK ÖRN SIGURÐSSON			5.11.1990
142	PÁLL HANNESSON		1.5.1986		214	BJARNI HARÐARSSON	SUNNLENSKA FRÉTTAÐIÐ		11.1.1991
143	HALLUR MAGNÚSSON		1.5.1986		215	STEINGRÍMUR ÓLAFSSON	FRÓÐI	1.5.1985	1.1.1991
144	ÞORKELL ÞORKELSSON	MORGUNBLAÐIÐ	10.5.1986		216	SIGURÐUR B. SÆVARSSON	DV	2.1.1991	
145	RAGNHILDUR SVERRISDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1984	1.6.1986	217	ÓLI TYNES			10.1.1991
146	HELGA GUÐRÚN JOHNSON		1.6.1983	1.6.1986	218	ÞORSTEINN ERLINGSSON		1989	29.1.1991
147	ÁSGEIR SVERRISON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1986		219	RAB CHRISTIE	ATHYGLI	29.1.1991	
148	STEINÞÓR GUÐBJARTSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.3.1984	1.1.1986	220	STEINGRÍMUR SIGURGEIRSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1986	1.2.1991
149	INGIBJÖRG B. SVEINSDÓTTIR	FRÓÐI	1.8.1986		221	GUNNAR SVEINBJÖRNSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1987	1.6.1991
150	BRYNJAR G. SVEINSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.9.1986		222	ODD STEFÁN ÞÓRISON		1989	1.3.1991
151	JÓHANNES SIGURJÓNSSON	SKARPUR		1.10.1986	223	GESTUR EINAR JÓNASSON	RÚVAK		1.4.1991
152	SIGURVEIG JÓNSDÓTTIR			1.10.1986	224	MAGNÚS HJÖRLEIFSSON			10.4.1991
153	JÓN KR. SIGURÐSSON		1.12.1986		225	ANNA G. ÓLAFSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1988	1.6.1991
154	BIRNA ÞÓRDARDÓTTIR	MENNINGARFYLGD BIRNU EHF		1.1.1987	226	HILDUR HELGA SIGURDARDÓTTIR		6.6.1980	27.7.1991
155	JÓN ÖRN GUÐBJARTSSON	ÍSLENSK FYRIRTÆKI	1.1.1987		227	BOGI ÁGÚSTSSON	RÚV		1.11.1991
156	BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR		1.9.1986	1.1.1987	228	TELMA L. TÓMASSON		1.1.1992	1.10.1998
157	GUÐMUNDUR R. HEIÐARSSON		12.2.1987		229	BRYNJÓLFUR JÓNSSON			1.3.1992
158	MARGRÉT SVERRISDÓTTIR		1.3.1987		230	ANNA KATRÍN GUÐMUNDSDÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.3.1992	
159	ELÍN ALBERTSDÓTTIR	FRÓÐI	1.6.1978	1.5.1987	231	AUÐBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR		1.5.1990	1.4.1992
160	ÓMAR FRÍÐRIKSSON	MORGUNBLAÐIÐ	20.5.1984	1.5.1987	232	GEIR A. GUÐSTEINSSON			1.6.1992
161	KJARTAN G. KJARTANSSON		1.5.1987		233	SIGURÐUR SIGMUNDSSON		1981	1.6.1992
162	JÓHANN ÓLAFUR HALLDÓRSSON		1.5.1987		234	GUÐNI EINARSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1992	
163	KRISTÍN H. GUNNARSDÓTTIR	UPPSTREYMI	12.9.1987		235	MARGRÉT E. ÓLAFSDÓTTIR		1.9.1987	1.6.1992
164	BOGI ÞÓR ARASON	MORGUNBLAÐIÐ	14.9.1987		236	KRISTJÁN BJÖRNSSON	KIRKJURITÍÐ	1.4.1987	1.7.1992
165	PÉTUR GUNNARSSON		21.9.1987		237	EIRÍKUR HJÁLMARSSON			15.9.1992
166	GEIR R. ANDERSEN		1.10.1987		238	JÓNA RÚNA KVARAN		1973	15.9.1992
167	HAUKUR HOLM	STÖÐ 2-BYLGJAN	28.10.1987		239	ÞORGEIR ÁSTVALDSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN		15.9.1992
168	ÓSKAR ÞÓR HALLDÓRSSON	ATHYGLI	1.10.1987		240	SÓLVEIG BALDURSDÓTTIR	FRÓÐI	1.1.1989	1.11.1992
169	GUNNAR SVERRISON		23.11.1987		241	JÓHANN KRISTJÁNSSON		1976	1.1.1993
170	ÓMAR RAGNARSSON	RÚV		1.1.1988	242	GUÐRÚN H. SIGURDARDÓTTIR	HEIMUR HF		3.3.1993
171	ÓTTAR H. SVEINSSON		3.1.1988		243	PÉTUR PÉTURSSON	OG FJARSKIPTI	1.7.1992	1.4.1993
172	JÓHANNA Á.H. JÓHANNSDÓTTIR		1.2.1988		244	ÞORVALDUR Ö. KRISTMUNDSSON		1991	1.4.1993
173	SIGURJÓN J. SIGURÐSSON	BÆJARINS BESTA	14.11.1984	1.3.1988	245	GERÐUR KRISTNÝ GUÐJÓNSDÓTTIR	FRÓÐI	4.4.1992	1.6.1993
174	HEIMIR MÁR PÉTURSSON		1.4.1988		246	BERGLJÓT DAVÍÐSDÓTTIR	DV	5.3.1987	1.11.1993
175	KATRÍN L. INGVAÐÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN		1.4.1988	247	HELGA KRISTÍN EINARSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ		1.11.1993
176	HALLUR ÞORSTEINSSON	MORGUNBLAÐIÐ	9.5.1988		248	BRAGI Þ. JOSEFSSON	FRÓÐI		1.12.1993
177	HAUKUR L. HAUKESSON	AP ALMANNATENGSL	15.5.1988		249	ÓLI BJÖRN KÁRASON	DV		15.3.1994
178	GUÐJÓN GUÐMUNDSSON	MORGUNBLAÐIÐ	15.5.1988		250	ÁSLAUG RAGNARS		1972	13.6.1994
179	KRISTJÁN JÓNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	5.6.1986	25.5.1988	251	ORRI PÁLL ORMARSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1994	
180	ÓLAFUR Þ. STEPHENSEN		1.6.1987	1.6.1988	252	ANDRÉS I. GUÐMUNDSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1994	
181	MARGRÉT ÞÓRA ÞÓRSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ		1.6.1988	253	LÁRUS KARL INGASON		1987	1.6.1994
182	ÞORFINNUR ÓMARSSON	KVIKMYNDASJÓÐUR		1.7.1988	254	PÉTUR BLÓNDAL	MORGUNBLAÐIÐ		1.6.1994
183	BJÖRN LEÓSSON	k.k.i.is		1.7.1988	255	ÞÓR JÓNSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.4.1986	1.6.1994
184	KRISTJÁN SIGURJÓNSSON			1.8.1988	256	REYNIR TRAUASTASON	FRÉTTAÐIÐ		13.6.1994
185	GUÐLAUG KONRÁÐSDÓTTIR	FRÓÐI	1.9.1988		257	ÞORSTEINN GUNNARSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN		1.10.1994
186	STEFÁN ÁSGRÍMSSON	FÍB	1.9.1988		258	SIGURÐUR MAR HALLDÓRSSON	GALDUR		1.11.1994
187	HJALTI JÓN SVEINSSON			1.10.1988	259	STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR	FRÓÐI		1.12.1994
188	KRISTJÁN ARI ARASON		1.10.1988		260	ERLINGUR PÁLL INGVARSSON	HEIMUR HF	1.2.1995	
189	SIGRÚN S. HAFSTEIN	VERKFR. ÍSL	10.10.1988		261	JÓN KALDAL	FRÉTTAÐIÐ	1.5.1993	1.5.1995
190	ÁGÚST ÓLAFSSON			1.12.1988	262	BJÖRN INGI HRAFNSSON		1.5.1995	
191	LÚÐVÍK ÖRN STEINARSSON	FRÓÐI	1.8.1988	1.3.1989	263	ARNAR GUÐMUNDSSON	AFVAKI HF	7.3.1991	1.5.1995
192	HILMAR BRAGI BÁRDARSON	VÍKURFRÉTTIR		1.7.1989	264	GUNNAR HERSVEINN	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1995	
193	ÁSGEIR FRÍÐGEIRSSON		1.8.1989		265	KARL BLÓNDAL	MORGUNBLAÐIÐ		1.6.1995
194	EGILL ÓLAFSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.8.1989		266	ÁSDÍS ÁSGEIRSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1995	
195	KRISTINN INGVARSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.8.1989		267	FINNBOGI HERMANNSSON	RÚV		1.6.1995
196	HULDA GUNNARSDÓTTIR		1.9.1989		268	SVAVA JÓNSDÓTTIR			1.7.1995
197	ÞORGEIR LAWRENCE	FAO	1.10.1989		269	GUÐJÓN EINARSSON	VIÐSKIPTAÐIÐ		15.10.1995
198	VALTÝR BJÖRN VALTÝSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.11.1989		270	JÓRÐUR ÁRNADÓTTIR		15.10.1995	
199	GUÐMUNDUR Ó. HILMARSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.11.1989		271	JÓN SVAVARSSON	MOTIV-MYND/MEDIA	1979	1.1.1996
200	HJÓRTUR GUNNARSSON			1.12.1989	272	GUÐJÓN GUÐMUNDSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.1.1996	
201	JÓN BIRGIR PÉTURSSON		1.6.1957	15.1.1990	273	ÞRÓSTUR HELGASON	MORGUNBLAÐIÐ	1.1.1996	
202	MAGNÚS VALUR PÁLSSON		1.2.1990		274	ÞÓRÐUR INGIMARSSON		1980	1.2.1996
203	ELÍN SVEINSDÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN		1.2.1990	275	ÁRNI SNÆVARR		14.3.1996	
					276	STEINGRÍMUR ERLENDSSON		1990	29.3.1996

Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:	Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
277	HALLDÓR G. KOLBEINS	MORGUNBLAÐIÐ		3.4.1996	351	ÞÓRA ÞÓRARINSDÓTTIR		1.6.1999	
278	SNORRI STURLUSON	FRÉTTABLAÐIÐ	1.5.1996		352	MARGRÉT V. HELGADÓTTIR		ágú.99	
279	ARNA SCHRAM	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1993	15.5.1996	353	ÞÓRARINN B. ÞÓRARINSSON	FRÉTTABLAÐIÐ	1.8.1999	
280	HARALDUR JÓNASSON	LJÓSMYNDADAILDIN	1.6.1996		354	AUÐUR AÐALSTEINSDÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	1.8.1999	
281	RÓBERT RÓBERTSSON	FRÓÐI	1988	1.6.1996	355	HÖRÐUR KRISTJÁNSSON	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	1.9.1999	
282	KJARTAN ÞORBJÖRNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1990	1.6.1996	356	GUNNAR SALVARSSON	MÁL OG MIÐLUN		1.9.1999
283	HRÖNN MARINÓSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	3.6.1996		357	GARÐAR ÖRN ÚLFARSSON	DV	15.9.1996	1.9.1999
284	GUÐRÚN HÁLFÐANARDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	4.6.1996		358	ÍRIS BJÖRK EYSTEINSDÓTTIR		1.10.1999	
285	MARGRÉT SVEINBJÖRNSDÓTTIR	ÍSLENSKA ÓPERAN	18.6.1996		359	HILDUR EINARSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ		18.10.1999
286	AUÐUNN ARNÓRSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1995	1.7.1996	360	EDWARD MARTIN WEINMAN	HEIMUR HF	1.11.1999	
287	HELGI ÞORSTEINSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1995	15.7.1996	361	SIGRÍÐUR INGA SIGURÐARDÓTTIR	FRÓÐI	22.11.1999	
288	VALGERÐUR A. JÓHANNSDÓTTIR	RÚV	20.8.1996		362	ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON	HEIMUR HF	1.12.1999	
289	GUÐRÚN ÓLÓF GUNNARSDÓTTIR		25.8.1996		363	ÞRÓSTUR EMILSSON	FRÉTTABLAÐIÐ	1.1.2000	
290	SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR	DV		1.9.1996	364	KJARTAN MÁR MAGNÚSSON		1.1.2000	
291	HILMAR ÞÓR GUÐMUNDSSON		1.10.1996		365	MARGRÉT STEFÁNSDÓTTIR		7.1.2000	
292	RAGNAR LÁR		18.10.1996		366	TÓMAS GUNNARSSON	RÚV	15.1.2000	
293	ARNDÍS ÞORGEIRSDÓTTIR	DV	1.11.1996		367	ANDREA RÓBERTSDÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN	15.1.2000	
294	GÍSLI ÞORSTEINSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.11.1996		368	BRYNJA ÞORGEIRSDÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN	17.1.2000	
295	HREINN HREINSSON	FRÓÐI		15.12.1996	369	SKARPHÉDINN GUÐMUNDSSON	MORGUNBLAÐIÐ	17.1.2000	
296	GUÐSTEINN BJARNASON	FRÉTTABLAÐIÐ	1.12.1993	1.1.1997	370	STEINUNN ARNÞRÚÐUR BJÖRSND.	BISKUPSSTOFA		24/01/002
297	HELGI MAR ÁRNASON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1995	1.1.1997	371	ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON	DV	1.2.2000	
298	BRYNHILDUR ÓLAFSDÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN	1986	14.3.1997	372	NJÁLL GUNNLAUGSSON		18.2.2000	
299	ÍVAR BENEDIKTSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.5.1997		373	BIRGIR ÖRN STEINARSSON	FRÉTTABLAÐIÐ	7.3.2000	
300	HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR		1.5.1997		374	FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	3.4.2000	
301	ARNAR BJÖRNSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.5.1997		375	GRÉTAR JÚNÍUS GUÐMUNDSSON	MORGUNBLAÐIÐ	25.4.2000	
302	GUNNHILDUR L. MAGNÚSDÓTTIR		20.5.1997		376	JÓHANN HLÍÐAR HARÐARSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.5.2000	
303	SIGRÚN BIRNA BIRNISDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1997		377	HARALDUR JOHANNESSEN	MORGUNBLAÐIÐ	1.5.2000	
304	BRYNDÍS HÓLM	FRÉTTABLAÐIÐ	1.6.1997		378	ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.5.2000	
305	GÍSSUR SIGURÐSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.6.1997		379	KRISTJÁN GEIR PÉTURSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.5.2000	
306	KRISTINN HRAFNSSON	DV	1.6.1997		380	SIGMAR GUÐMUNDSSON	RÚV	11.5.2000	
307	HALLGRÍMUR INDRÍÐASON	VÍKURFRÉTTIR	1.8.1997		381	JÓHANNA KRISTÍN JÓHANNESD.	FRÓÐI	16.5.2000	
308	ANTON BRINK HANSEN		5.8.1997		382	STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	22.5.2000	
309	VIÐDÍS STEFÁNSDÓTTIR		1.9.1997		383	NÍNA BJÖRK JÓNSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	23.5.2000	
310	SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR	RAUÐI KROSS ÍSLANDS	1.10.1997		384	BERGÞÓRA NJÁLA GUÐMUNDSD.	MORGUNBLAÐIÐ	24.5.2000	
311	STYRMIR GUÐLAUGSSON	HEMRA	1.5.1988	1.10.1997	385	VILMUNDUR HANSEN	DV	1.6.2000	
312	SIGURJÓN RAGNAR SIGURJÓNSSON	FRÓÐI	1989	16.10.1997	386	SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	1.6.2000	
313	JAKOB BJARNAR GRÉTARSSON	DV	1.9.1991	1.11.1997	387	SÓLVEIG KRISTBJÖRG BERGMANN	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.6.2000	
314	JENS EINARSSON	HESTAR-ÚTGÁFA	1.12.1997		388	RÚNAR PÁLMASSON	MORGUNBLAÐIÐ	2.6.2000	
315	HÁVAR SIGURJÓNSSON	MORGUNBLAÐIÐ		1.12.1997	389	SIGURÐUR RÚNAR JAKOBSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	15.6.2000	
316	ARI MAGNÚSSON		15.12.1997		390	SIGURÐUR ELVAR ÞORÓLFSS.	MORGUNBLAÐIÐ	19.6.2000	
317	HARALDUR INGÓLFSSON	FREMRI	18.12.1997		391	GUÐRÚN N. SIGURÐARDÓTTIR	FRÓÐI	15.7.2000	
318	SVEINN VILHJÁLMMUR JÓNSSON		19.1.1998		392	HILMAR BJÖRNSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.9.1995	1.8.2000
319	DAVIÐ LOGI SIGURÐSSON	MORGUNBLAÐIÐ	23.2.1998		393	GÚSTAF STEINGRÍMSSON	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	1.8.2000	
320	HRAFNHILDUR HARÐARDÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.3.1998		394	ELISABET ÓLAFSDÓTTIR		1.9.2000	
321	JÓHANNA STEINUNN SNORRAD.	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.3.1998		395	AÐALHEIÐUR INGA ÞORSTEINSD.	MORGUNBLAÐIÐ		1.9.2000
322	ERLINGUR KRISTENSSON	FRÉTTABLAÐIÐ	2.4.1998		396	GUBNÝ JÓHANNESDÓTTIR	ÁSPRENT-STÍLL	1.9.2000	
323	ÓLÓF RÚN SKÚLADÓTTIR			1.6.1998	397	HELGA RÚN VIKTORSDÓTTIR		18.9.2000	
324	SIGURBJÖRG ÞRÁSTARDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1998		398	ÆVAR ÖRN JÓSEPPSON		18.9.2000	
325	STEFÁN STEFÁNSSON		1.6.1998		399	BRYNJÓLFUR ÞÓR GUÐMUNDSSON	FRÉTTABLAÐIÐ		
326	TEITUR JÓNASSON	LJÓSMYNDADAILDIN	1.6.1995	1.6.1998	400	ÓMAR ÓSKARSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.10.2000	
327	ÖRLYGUR STEINN SIGURJÓNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1998		401	ÓLÓF BALDURSDÓTTIR		1.10.2000	1.8.2001
328	RAGNHEIÐUR LINNET	FRÓÐI	15.6.1998		402	SVANUR MÁR SNORRASON		20.10.2000	
329	KRISTINN GARÐARSSON	MORGUNBLAÐIÐ	13.7.1998		403	RIKKE MAY KRISTÞÓRSSON		20.10.2000	
330	MAGNÚS HLYNUR HREIÐARSSON		15.9.1998		404	SÆMUNDUR GUÐVINSSON	VÍKINGUR	1968	20.10.2000
331	LÓA ALDÍSARDÓTTIR	FRÓÐI	1.7.1998	15.9.1998	405	ÓMAR RAFN VALDIMARSSON	ÍSLENSK ALMTENGL	1.11.2000	
332	SNORRI MÁR SKÚLASON		1.9.1998		406	HELGA DÖGG BJÖRGVINDSDÓTTIR		1.1.2001	
333	VALDÍS VIÐARSDÓTTIR	GILFÉLAGIÐ	1.9.1998		407	GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR	FRÓÐI	1.1.2001	
334	BÖRKUR GUNNARSSON		1.10.1998		408	SÆVAR HREIÐARSSON	FRÓÐI	1.1.2001	
335	HILDUR LOFTSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.10.1998		409	BJARNI BRYNJÓLFSSON	FRÓÐI	1.1.2001	
336	KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON	DAGS EHF	1.10.1998		410	GUÐRÚN HRUND SIGURÐARD.	FRÓÐI	1.1.2001	
337	GUÐMUNDUR RÚNAR ÁRNASON	VINNAN	1.11.1998		411	JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR	FRÓÐI		1.1.2001
338	TRAUÐI HAFLIÐASON	FRÉTTABLAÐIÐ	3.2.1999		412	LOFTUR ATLI EIRÍKSSON	FRÓÐI	1.1.2001	
339	ÁLFHEIÐUR INGIMARSDÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.3.1999		413	SIGURÐUR H. HLÖÐVERSSON	HAUSVERK	1.1.2001	
340	RÓBERT MARSHALL	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.3.1999		414	VALGEIR MAGNÚSSON	HAUSVERK	1.1.2001	
341	SNÆFRÍÐUR INGADÓTTIR	FRÓÐI	17.3.1999		415	ARNAR EGGERT THORODDSEN	MORGUNBLAÐIÐ	1.1.2001	
342	ELÍN JÓHANNSDÓTTIR		1.4.1999		416	KLARA JÓNSDÓTTIR		1.1.2001	
343	SOFFÍA HARALDSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	3.5.1999		417	GÍSLI EGILL HRAFNSSON	FRÓÐI	19.1.2001	
344	KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	10.5.1999		418	KRISTJÁN ARNGRÍMSSON	MORGUNBLAÐIÐ		1.4.2001
345	ANNA SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	17.5.1999		419	KRISTJÁN HJÁLMMARSSON	FRÉTTABLAÐIÐ	9.4.2001	
346	STEINGERÐUR ÓLAFSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	25.5.1999		420	BERGÞÓRA JÓNSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	17.4.2001	
347	HÖSKULDUR DADI MAGNÚSSON	DV	1.6.1999		421	KOLBRÚN INGIBERGSDÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	20.4.2001	
348	ÓSKAR Ó. JÓNSSON	DV	1.6.1999		422	EDDA JÓHANNSDÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	20.4.2001	
349	EVA BERGÞÓRA GUÐBERGSDÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.6.1999		423	BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON	MORGUNBLAÐIÐ	23.4.2001	
350	GUNNÞÓRA GUNNARSDÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	1.8.1990	1.6.1999	424	ÞORVALDUR FLEMMING JENSEN	STÖÐ 2-BYLGJAN	24.4.2001	



Nr.	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf stórf:	Hóf aðild síðast:	Nr.	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf stórf:	Hóf aðild síðast:
425	JÓHANN ÁGÚST HANSEN	MYNDLIST.IS	25.4.2001		486	ÆGIR DAGSSON		1.2.2003	
426	EINAR GÍSLASON GUÐMANN	FITNESSFRÉTTIR	1.4.1994	1.5.2001	487	ERLA GUNNARSÓTTIR	FRÓÐI	25.2.2003	
427	MARTA M. JÓNASDÓTTIR	FRÓÐI	1.5.2001		488	ÓLAFUR BR. HALLDÓRSSON	FRÉTTABLAÐIÐ	1.3.2003	
428	GUÐLAUG S. SIGURÐARDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.5.2001		489	GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON	FRÉTTABLAÐIÐ	1.6.1988	1.3.2003
429	SIGURÐUR JÓKULL ÓLAFSSON	IPA ICELANDIC PHOTO AGENCY	14.5.2001		490	INGIBJÖRG ÓLAFSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.3.2003	
430	HAFLÍÐI HELGASON	FRÉTTABLAÐIÐ		15.5.2001	491	INGÓLFUR BJARNI SIGFÚSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	15.3.2003	
431	HEIÐDÍS L. MAGNÚSDÓTTIR	FRÓÐI	20.5.2001		492	EYÞÓR ÁRNASON	EIDFAXI	1.4.2003	
432	PÓR STEINARSSON		28.5.2001		493	HJÓRDÍS RÚT SIGURJÓNSDÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	1.4.2003	
433	PÓRHALLUR GUNNARSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.6.2001		494	BRYNDÍS SVEINSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.5.2003	
434	FREYR BJARNASON	FRÉTTABLAÐIÐ	4.6.2001		495	ÁRNI HALLGRÍMSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.5.2003	
435	BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR		5.6.2001		496	HLÉDÍS SIGURÐARDÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	1.5.2003	
436	MARGRÉT ÍSDAL	FRÓÐI	18.6.2001		497	ALBERT ÖRN EYÞÓRSSON	DV	1.5.2003	
437	SUNNA ÓSK LOGADÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ		1.7.2001	498	INGIBJÖRG LIND KARLSDÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN	18.6.1996	1.6.2003
438	EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON			1.7.2001	499	HELGI SELJAN	AUSTURGLUGGINN	1.6.2003	
439	SINDRI SINDRASON	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	1.7.2003		500	JÓN KNÚTUR ÁSMUNDSSON	AUSTURGLUGGINN	1.6.2003	
440	MARGRÉT H. GÚSTAFSDÓTTIR		12.7.2001		501	SILJA BJÖRK HULDUDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.2003	
441	GARY M. WAKE	GOTT FÓLK	6.12.1995	7.8.2001	502	BRJÁNN JÓNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.2003	
442	ÓLI KRISTJÁN ARMANNSSON	HEIMUR HF	1.9.2001		503	SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR	DV	1.6.2003	1.6.2003
443	SIGURÐUR MÁR HARDARSON		1.9.2001		504	EIRÍKUR JÓNSSON	DV		1.6.2003
444	GUÐMUNDUR SVANSSON		13.9.2001		505	GUNNAR SMÁRI EGILSSON	FRÉTTABLAÐIÐ		1.6.2003
445	HÖRÐUR VILBERG	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	17.9.2001		506	SVAVAR KNÚTUR KRISTINSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.2003	
446	HILDUR KRISTJÁNSDÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.4.2000	1.10.2001	507	KRISTÍN HEIÐA KRISTINSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.2003	
447	ARNDÍS BERGSDÓTTIR		1.10.2001		508	STEINUNN ÁSMUNDSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.2003	
448	SKAPTI ÖRN ÓLAFSSON		3.10.2001		509	KOLBRÚN BERGÞÓRSÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	23.6.2003	
449	HRAFNHILDUR GUNNARSÓTTIR		16.10.2001		510	ÓLÓF H. ERNUDÓTTIR	FRÓÐI	1.7.2003	
450	JOHN RICHARD MIDDLETON		8.1.1998	1.11.2001	511	GUÐRÚN G. ÁRNADÓTTIR	FRÓÐI	1.7.2003	
451	VÉDÍS SKARPHÉDINSÓTTIR	LÆKNABLAÐIÐ	26.11.2001		512	GUÐMUNDUR ARNARSSON	FRÓÐI	1.7.2003	
452	SILJA DÓGG GUNNARSÓTTIR		13.12.2001		513	ÆINAR SIGMARSSON		10.7.2003	
453	HUGRÚN HRÖNN ÓLAFSDÓTTIR	RÚV	1.5.1998	1.12.2003	514	MIKAEL TORFASON	DV	15.7.2003	
454	PÓRUNN HJARTARDÓTTIR		1.1.2002		515	FINNBOGI S MARINÓSSON	DAGSLJÓS EHF	1.8.2003	
455	KATRÍN ODDSDÓTTIR		1.1.2002		516	RAGNAR PÉTURSSON	FRÓÐI	1.8.2003	
456	AUÐUR I. OTTESSEN	RIT OG RÆKT	1.2.2002		517	PÓRLINDUR KJARTANSSON	FRÉTTABLAÐIÐ	8.7.2003	
457	RÓBERT REYNISSON	FRÉTTABLAÐIÐ	1.2.2002		518	SIGHVATUR JÓNSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.9.2003	
458	PÁLL PÉTURSSON	RIT OG RÆKT	1.2.2002		519	KRISTJÁN GUY BURGESS	DV		22.9.2003
459	FREYJA GUNNARSÓTTIR		1.2.2002		520	GRÉTA HLÖÐVERSDÓTTIR		1.10.2003	
460	GUNNLAUGUR EINAR BRIEM		1.3.2002		521	BENEDIKT RÚNAR GUÐMUNDSSON		1.10.2003	
461	ÓLAFUR TEITUR GUÐNASON	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	1.3.2002		522	GUÐRÚN HEIMISDÓTTIR	FRÓÐI	1.10.2003	
462	HÖRÐUR MAGNÚSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.7.2000	1.4.2002	523	EGGERT JÓHANNESSON	MORGUNBLAÐIÐ	14.10.2003	
463	MAGNÚS PÓR HAFSTEINSSON		1.4.2002		524	HREFNA GUÐMUNDSDÓTTIR	FRÓÐI	20.10.2003	
464	SIGRÍÐUR HJÁLMARSDÓTTIR		2.4.2002		525	ÞORGILS JÓNSSON	VÍKURFRÉTTIR	1.11.2003	
465	BJÖRN GÍSLASON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.6.1999	1.5.2002	526	VALUR GUNNARSSON	DV	7.11.2003	
466	JÓN SIGURÐSSON		1.5.2002		527	ILLUGI JÓKULSSON	DV	10.11.2003	
467	ÍVAR PÁLL JÓNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	15.5.1998	15.5.2002	528	ÖRN ARNARSON	FRÉTTABLAÐIÐ	11.11.2003	
468	EYRÚN MAGNÚSDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.2001	1.6.2002	529	HILDUR FINNSDÓTTIR	DV		12.11.2003
469	INGA RÚN SIGURÐARDÓTTIR	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1999	1.6.2002	530	HENNY SIF BJARNADÓTTIR	DV	12.11.2003	
470	PÓRÓDDUR BJARNASON	MORGUNBLAÐIÐ	30.3.1998	15.6.2002	531	TÓBÍAS SVEINBJÖRNSSON	VÍKURFRÉTTIR	14.11.2003	
471	BRYNJAR GUNNARSSON		7.7.2002		532	SVANBORG SIGMARSÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	27.11.2003	
472	JÓHANNA VILHJÁLMSDÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.8.2002		533	ANNA TRYGGVADÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	1.12.2003	
473	HELGA ÓLAFSDÓTTIR		1.9.2002		534	HANNA STEINUNN ÞORLEIFSDÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	1.12.2003	
474	NANNA RÖGNVALDSÓTTIR	FRÓÐI	1.9.2002		535	SÍMON ÖRN BIRGISSON	DV	1.12.2003	
475	ÓLI JÓN JÓNSSON	KOM	12.4.1999	12.9.2002	536	TORSTEN HENN		9.12.2009	
476	MAGNÚS TEITSSON	FRÉTTABLAÐIÐ	1.10.2002		537	ÁGÚST BOGASON	DV	13.12.2003	
477	HENRY BIRGIR GUNNARSSON	DV	1.11.2002		538	VALDÍS STEFÁNSDÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	20.12.2003	
478	BRYNHILDUR BIRGISDÓTTIR	FRÉTTABLAÐIÐ	1.11.2002		539	SIGURSVEINN ÞÓRÐARSON	EYJASÝN	1.1.2004	
479	ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON		19.12.2002		540	ÞÓRA KRISTÍN ÁSGEIRSDÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.1.2004	
480	VILHELM GUNNARSSON	FRÉTTABLAÐIÐ	10.1.2003		541	FRÍÐRIK INDRÍÐASON	DV	6.1.2004	
481	DÚI J. LANDMARK		1.3.1998	11.2.2003	542	ÁRNI TORFASON		1.2.2004	
482	SIGURÐUR HÖLM GUNNARSSON		1.1.2003		543	UNNUR HREFNA JÓHANNSDÓTTIR	FRÓÐI	1.2.2004	
483	JÓN TRAUÐI REYNISSON	DV	1.1.2003		544	SIGRÍÐUR ÁRNADÓTTIR	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.2.2004	
484	JÓHANNES KRISTJÁNSSON	VÍKURFRÉTTIR	1.1.2003		545	FRÍÐRIK WEISSHAPPEL		15.2.2004	
485	SIGURJÓN KJARTANSSON	STÖÐ 2-BYLGJAN	1.2.2003		546	HALLDÓR JÓNSSON	BB	15.2.2004	

press.is vefur Bí

RÚV braut ekki siðareglur

Mál 4/2003-2004

Kærandi:

Jón Ólafsson

Kærðu:

Ríkisútvarpið og fréttamennirnir Sveinn Helgason og Pálmi Jónasson

Kæruefni:

Tvær fréttir sem fluttar voru í Ríkisútvarpinu hinn 19. nóvember 2003 um Jón Ólafsson og skattamál hans.

Málið var kært með bréfi dagsettu 20. nóvember 2003 og barst það nefndinni 24. nóvember 2003. Í kærinni var farið fram á undanþágu frá leiðréttingarkröfu. Kæran var tekin fyrir á fundi siðanefndar hinn 1. desember 2003 en ekki var fallist á að veita undanþágu frá leiðréttingarkröfu og kærinni því vísað frá að svo stöddu. Kærandi fór þess þá á leit við Ríkisútvarpið að það bæðist afsökunar á hinum kærðu ummælum en eftir að staðfesting barst frá Ríkisútvarpinu þess efnis að það yrði ekki gert tók siðanefnd kærana til efnislegrar meðferðar 22. desember 2003 og var málið tekið fyrir á fundum nefndarinnar 29. desember 2003 og 12. janúar 2004. Greinargerð Ríkisútvarpsins, dagsett 19. desember 2003, barst nefndinni 22. desember 2003. Viðauki við greinargerð Ríkisútvarpsins barst siðanefnd 2. janúar 2004.

Málavextir

Hinn 19. nóvember 2003 voru fluttar í Ríkisútvarpinu tvær fréttir um skattamál Jóns Ólafssonar og fleira. Aðalumfjöllunin um málið var í fréttaþættinum Morgunvaktinni og var sú umfjöllun kynnt í fréttatíma Ríkisútvarpsins kl. 8:00. Í fréttatíma Ríkisútvarpsins kl. 12:20 var svo flutt frétt sem byggði á umfjöllun

Morgunvaktarinnar.

Þessar fréttir voru kærðar og þó sérstaklega eftirfarandi atriði: Í frétt Ríkisútvarpsins kl. 8:00 segir m.a. um Jón Ólafsson: „Þá á hann fangelsisvist yfir höfði sér og aðeins virðist tímaspursmál hvenær mál hans fer til lögreglunnar.“ Í fréttinni kl. 12:20 segir m.a.: „Fangelsisvist vofir yfir Jóni Ólafssyni, fyrrum aðaleiganda Norðurljósa vegna meintra skattsvika, sé miðað við umfang málsins og þá dóma sem kveðnir hafa verið upp hér á landi fyrir skattsvik.“ Síðar í sömu frétt segir: „Aðeins virðist tímaspursmál hvenær lögreglan fær málið til meðferðar.“ Þá segir í fréttinni: „Jón ber líka refsibýrgð sem stjórnarformaður nokkurra félaga þar sem grunur leikur á skattsvikum.“ Að lokum segir í fréttinni: „Miðað við að menn hafi verið dæmdir til fangelsisvistar hér á landi fyrir miklu umfangsminni skattalagabrot gæti Jón átt yfir höfði sér að lenda bak við lás og slá.“

Í kærinni segir að fyrirvari um að hver maður sé saklaus uns sekt hans sé sönnuð, „geti ekki létt siðferðilegum skyldum fréttamannsins af honum og hann geti í skjóli slíks fyrirvara lýst því yfir“ að kærandi „eða aðrar þær manneskjur sem hann fjallar um í fréttum hafi gerst sekar um refsiverða háttsemi.“

Umfjöllun

Í greinargerð Ríkisútvarpsins og fréttamanna Sveins Helgasonar og Pálma Jónassonar er gerð sú aðalkrafa að kærinni verði vísað frá siðanefnd Blaðamannafélags Íslands, þar sem hvorki Sveinn né Pálmi séu félagar í BÍ. Í 6. gr. siðareglanna segir að nefndin geti lagt fram rökstutt álit um kæruefni þó svo að kærðu séu þar ekki félagar. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur siðanefnd tekið mörg

mál til meðferðar, hliðstæð því sem hér er á ferðinni, og hafnar siðanefnd frávísun.

Í greinargerð kærðu er gerð athugasemd við að kærð séu tilgreind atriði og einstaka setningar sem slitnar séu úr samhengi við heildarumfjöllunina. Siðanefnd tekur undir þetta, enda kemur fram í 2. mgr. 6. gr. siðareglanna að nefndin skuli kanna heildarumfjöllun í hinum kærða fjölmiðli. Í umfjöllun sinni skoðaði siðanefnd fréttir Ríkisútvarpsins um málið og kynningar á þeim sem eina heild.

Umfjöllun Ríkisútvarpsins hófst með kynningu kl. 7:30 á efni fréttapáttarins Morgunvaktarinnar, þá var flutt frétt kl. 8:00 þar sem vísað var í væntanlega umfjöllun á Morgunvaktinni og aðalumfjöllun Ríkisútvarpsins fór fram í yfirgripsmikilli umfjöllun á Morgunvaktinni laust eftir kl. 8:30. Í fréttatíma Ríkisútvarpsins kl. 12:20 sama dag var svo flutt frétt sem byggði á umfjöllun Morgunvaktarinnar.

Í greinargerð kærðu kemur fram að umfjöllunin um skattamál Jóns Ólafssonar byggji á niðurstöðu skýrslu sem skatttrannsóknarstjóri ríkisins lét frá sér fara, auk þess sem aflað hafi verið upplýsinga hjá heimildarmönnum, einkum hvað varðaði hugsanlega framvindu málsins og hugsanlegar afleiðingar þess.

Kærðu segja að kærandi hafi heimilaði lögmönnum sínum að afhenda Morgunblaðinu öll gögn varðandi skattamál sín og Morgunblaðið hafi í framhaldi af því birt ítarlega umfjöllun um efni skýrslunnar. Kærandi hafi þannig sjálfur veitt fjölmiðlum aðgang að efni skýrslunnar. Kærðu telja að alls staðar þar sem umfjöllun Ríkisútvarpsins snerti kæranda persónulega hafi framsetning málsins verið með þeim hætti að ljóst hafi verið að um skoðun



skattrannsóknarstjóra á skattskilum kærða væri að ræða. Þeir benda á að umfjöllunin byggji á skýrslu skattrannsóknarstjóra og að ávallt sé tekið þannig til orða að ljóst megi vera að hvorki liggja fyrir endanlegur úrskurður né dómur. Með sömu fyrirvörum sé bent á hugsanlegar afleiðingar fyrir kæranda, ef þær sakir sem á hann séu bornar af skattrannsóknarstjóra verði sannaðar.

Siðanefnd fellst á að í heildarumfjöllun Ríkisútvarpsins um málið komi fram með nægjanlega skýrum hætti að um niðurstöður skýrslu skattrannsóknarstjóra sé að ræða og að meintar sakir hafi hvorki verið staðfestar af öðrum yfirvöldum né dómstólum. Í aðalumfjöllun Morgun-

vaktarinnar er orðalag ávallt með þeim hætti að hafðir eru nauðsynlegir fyrirvarar um að um meint brot sé að ræða og að umræddar afleiðingar fyrir kæranda komi ekki til nema sekt sannist.

Siðanefnd telur eðlilegt að í fréttum sé fjallað um hugsanleg viðurlög við meintum alvarlegum brotum verði þau sönnuð.

Siðanefnd telur aftur á móti að þessir sömu fyrirvarar hefðu mátt koma skýrar fram í inngangi fréttar í fréttatíma Ríkisútvarpsins kl. 12:20. Siðanefnd telur því að kærðu hefðu getað vandað betur til framsetningar í fyrrnefndri frétt með því að láta þá fyrirvara sem síðar komu fram, fylgja með í inngangi.

Úrskurður

Ríkisútvarpið og fréttamennirnir Sveinn Helgason og Pálmi Jónasson teljast ekki hafa brotið gegn siðareglum Bláðamannafélags Íslands.

12. janúar 2004

*Kristinn Hallgrímsson
Hjörtur Gíslason
Hreinn Pálsson
Sigurveig Jónsdóttir
Örn Valdimarsson*



Ekki brot

Mál nr. 5 2003/2004

Kærandi:

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri BM Vallár.

Kærðu:

Örn Valdimarsson, ritstjóri Viðskiptablaðsins og Hallur Hallsson, blaðamaður.

Kæruefni:

Frétt Viðskiptablaðsins föstudaginn 14. nóvember 2003 um einkavæðingu Sementsverksmiðjunnar og eignasölu henni tengdri. Fréttin birtist í aukablaði Viðskiptablaðsins, Viðskiptablaðið í vikulokin.

Kæran barst siðanefnd í bréfi dagsettu 25. nóvember. Vegna hagsmunatengsla viku þrjú nefndarmanna sæti; Kristinn Hallgrímsson, formaður, Örn Valdimarsson og Sigurveig Jónsdóttir. Sæti þeirra tóku Jóhannes Tómasson, Pétur Gunnarsson og Valgerður Jóhannsdóttir. Við formennsku tók Hjörtur Gíslason. Nefndinni barst krafa frá lögmanni hinna kærðu dagsett 3. desember um frávísun, sem var hafnað og í kjölfarið barst nefndinni greinargerð frá hinum kærðu dagsett 9. janúar.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 1. og 15. desember, 12. og 19. janúar og kom Hallur Hallsson á fund nefndarinnar hinn 12. janúar

Málavextir:

Kærð var umfjöllun aukablaðs Viðskiptablaðsins, Viðskiptablaðið í vikulokin um einkavæðingu Sementsverksmiðjunnar og eignasölu henni tengdri hinn 14. nóvember. Hallur Hallsson hafði þá umsjón með aukablaðinu. Kærandi taldi að í fréttinni væru ýmsar rangfærslur sem hann tilgreindi í tölvupósti til ritstjóra Viðskiptablaðsins hinn 18. nóvember auk þess sem um alvarleg hagsmunatengsl væri að ræða vegna tengsla Halls Hallssonar við Aalborg Portland, keppinaut Sementsverksmiðjunnar. Kærandi



för fram á að Viðskiptablaðið bæðist afsökunar á þessum vinnubrögðum og viðurkenndi að hagsmunaárekstur hefði átt sér stað auk þess að leiðrétta rangfærslur fréttarinnar. Kæranda var boðið að birta athugasemd við fréttina, en blaðið hafnaði því að viðurkenna hagsmunaárekstur og því að biðjast afsökunar á vinnubrögðunum sínum, enda teldi það ekkert athugasvert við þau. Kærandi ákvað þá að kæra málið til siðanefndar.

Kærðu sendu siðanefnd kröfu um frávisun á grundvelli þess að kærandi hafi ekki þegið boð um birtingu athugasemdar. Þeirri kröfu var hafnað og í greinargerð kærðu sem barst í kjölfarið eru gerðar athugasemdir við form kærunnar, þar sem þar séu engar kröfur gerðar, hagsmunatengslum er hafnað og ásökunum um rangfærslur svarað.

Umfjöllun:

Siðanefnd ákvað að taka kæru Þorsteins Viglundssonar til efnislegrar meðferðar, þrátt fyrir að hann hefði hafnað því að fá birta athugasemd í Viðskiptablaðinu, enda sýnt að hann fengi ekki úrlausn mála sinna með því einu. Ennfremur þótti nefndinni ekki hjá því komist að fjalla um málið, þar sem ásökun um hagsmunatengsl var meginatriði kærunnar og niðurstaða um þann ágreining fengist vart nema með úrskurði siðanefndar. „Meginatriði kæru þessarar er hins vegar hagsmunatengsl blaðamanns þess er fréttina

ritar. Hallur Hallsson, blaðamaður, hefur umsjón með útgáfu þessa auka-blaðs og ritar allt efni í það. Hallur hefur á undanförunum misserum starfað við ráðgjöf í almannatengslum og meðal viðskiptavina hans er Aalborg Portland, sem á í samkeppni við Sementsverksmiðjuna í sölu og dreifingu á sementi. Ekki skal fullyrt um umfang þessa starfs né hvort það standi enn eða hvenær því lauk, en síðast skrifaði Hallur grein um þessi mál í Morgunblaðið 2. mars 2003 og fylgir hún kæru þessari,“ segir í kæru Þorsteins.

Í kærinni sjálfri eru ekki tilgreindar neinar sérstakar rangfærslur í fréttinni sem kærð er, þó svo sé gert í tölvupósti til ritstjóra Viðskiptablaðsins, og fylgdi sá póstur kærinni. Í greinargerð kærðu er ásökunum um rangfærslur svarað með nokkrum dæmum og rökum. Þar stendur fullyrðing kæranda gegn fullyrðingu kærðu, en nefndin fær ekki séð annað en vinnubrögð Halls Hallssonar við ritun fréttarinnar standist kröfur siðanefndar um vönduð vinnubrögð, enda leitaði hann heimilda víða og hafði tilefni til ritunar fréttarinnar, eins og fram kom hjá honum á fundi nefndarinnar.

Að mati siðanefndar snýst málið fyrst og fremst um hugsanleg hagsmunatengsl og hagsmunaágreining samkvæmt 5. grein siðareglna B.Í. Á fundi siðanefndar hinn 12. janúar lýsti Hallur Hallsson því yfir að störf hans fyrir Aalborg Portland hefðu staðið yfir í nokkra

mánuði. Þau hefðu falist í aðstoð við greinarskrif vegna ásakana um undirboð á sementsmarkaðnum. Þessari vinnu hafi lokið í apríl 2003 og síðan hafi engin tengsl verið milli hans og Aalborg Portland.

Í greinargerð kærðu segir meðal annars svo: „Að mati kærðu myndi niðurstaða siðanefndarinnar, ef fallist yrði á málalíbúnað kæranda, hafa óeðlileg áhrif í för með sér fyrir starfsmenn íslenskra fjölmiðla, þ.m.t. blaðamenn. Þannig myndi fyrri starfsferill einstakra blaðamanna hafa þau áhrif að viðkomandi blaðamenn gætu ekki skrifað fréttir um þau málefni sem þeim væru sérstaklega kunnug. Með sama hætti mætti halda því fram að einstakir blaðamenn gætu ekki skrifað um mál sem þeir hefðu sérþekkingu á.“

Siðanefnd fellst á þessi rök hinna kærðu, þar sem nokkrir mánuðir voru liðnir frá því Hallur Hallsson hætti störfum fyrir Aalborg Portland og þar til hann fór til starfa hjá Viðskiptablaðinu síðastliðið haust og skrifaði síðar hina kærðu frétt. Siðanefnd telur að ekki hafi verið um hagsmunaárekstur að ræða í þessu tilviki.

Úrskurður:

Kærðu teljast ekki hafa brotið siðareglur B.Í.

*Hjörtur Gíslason
Hreinn Pálsson
Valgerður Jóhannsdóttir
Jóhannes Tómasson
Pétur Gunnarsson*



Fer rétt með staðreyndir



LATITUDE 505 PENTIUM

Nýja Dell Latitude 505 þolir mikinn flækning og langar andvökunætur. Hún þolir að gera margt í einu og leysir flóknustu mál, hvort sem þú ert í vinnunni, á fundi úti í bæ eða bara heima í stofu. 30 GB harður diskur og geislabrennari tryggja að afrek þín falla ekki í gleysku. Tölvunni fylgir þráðlaust netkort þannig að þú getur flakkað um að vild án þess að detta úr sambandi við umheiminn. Dell Latitude 505 er ekki bara frábær vinnufélagi, heldur líka góður vinur sem sýnir DVD myndir, geymir ljósmyndir og aðstoðar þig við fjármálin.

DELL LATITUDE D505 PENTIUM 179.900,- m/vsk

- Intel Pentium M 1.4 GHz örgjörvi
- 15.0" XGA TFT skjár (1024x768)
- 6 hólfra rafhlaða
- 512MB 333MHz DDR RAM (2x256) vinnsluminni
- Þráðlaust netkort:
 - Intel PROWireless 2100 802.11b MiniPCI
- Innbyggt Bluetooth
- Innbyggt 56k mótaald
- 30GB harður diskur
- 8X DVD og 24X CD-RW sambyggt geisladrif
- Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum
- S-Video tengi fylgir
- Microsoft Windows XP Professional
- 3ja ára alþjóðleg ábyrgð